Ársskýrsla 2017

UNGMENNASAMBAND
BORGARFJARÐAR
UMSB
STOFNAÐ 1912

TOP RENTA

Efnisyfirlit

Formáli sambandsstjóra 4
Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2017 5
Afreksmannasjóður UMSB 6
Íþróttamaður Borgarfjarðar 2017 7
Aðildarfélög UMSB 11
Ársskýrslur aðildarfélaga 12
- **Ársskýrsla Frjálsíþróttafélags Borgarfjarðar** 12
- **Golfklúbbur Borgarness** 14
- **Golfklúbburinn Glanni** 17
- **Golfklúbburinn Skrifla** 18
- **Hestamannafélagið Faxi** 19
- **Ársskýrsla Badmintondeildar Skallagríms 2017** 20
- **Ungmennafélagið Dagrenning** 22
- **Hestamannafélagið Skuggi** 22
- **Mótorsportfélag Borgarfjarðar** 27
- **Ungmennafélagið Íslendingur** 28
- **Ungmennafélag Reykdæla** 31
- **Knattspyrnudeild Skallagríms 2017** 34
- **Umf. Björn Hítdælakappi** 40
- **Ungmennafélag Stafholtstungna** 40

Fréttapunktar frá UMFÍ 2017 42
Fréttapunktar frá ÍSÍ árið 2017 46
Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar 51
Ársreikningur 2017 54

Skýrsla 2017 lögð fram á 96. Sambandsþingi Ungmennasambands Borgarfjarðar.

Uppsetning Sigurður Guðmundsson

Prentun Fjölritunar og útgáfuþjónustan

Formáli sambandsstjóra

Kæru aðildarfélagar,

það eru forréttindi að fá í byrjun hvers árs að hylla efnilegt íþróttafólk á sambandssvæðinu okkar. Við megum vera ánægð með þá fjölbreyttu flóru íþróttafólks sem við búum að hér, en þar skiptir máli starf aðildarfélaga okkar. En skýrslur þeirra sem koma hér á eftir sýna það flotta og ómetanlega starf sem félögin okkar sinna á ársgrundvelli.

Eins og áður hefur verið nóg fyrir stafni hjá Ungmennasambandi Borgarfjarðar. Haldið var sambandsþing í Hjálmakletti þar sem Körfuknattleiksdeild Skallagríms sá um að taka á móti okkur. Þar var farið yfir helstu málefni ásamt því að veita viðurkenningar en að þessu sinni fékk Rósa Marinósdóttir viðurkenningu fyrir sjálfboðaliðastarf og færði UMSB henni innrammaða mynd af Rósu og dætrum hennar í sjálfboðaliðavestum frá því á Unglingalandsmótinu 2016. Einnig færði UMFÍ Írisi Grönfeldt starfsmerki UMFÍ en hún hefur staðið ómetanlega við bakið á íþróttahreyfingunni við þjálfun, undirbúning móta o.fl. í gegnum árin.

Ungmennasambandið sótti um á árinu að halda Landsmót 50+ og fáum við þann heiður að halda það mót árið 2020 og því er mikilvægt að hefja undirbúning að því sem fyrst á nýju ári, 2018. En til þess að við getum haldið gott mót verðum við að halda áfram á uppbyggingu íþróttamannvirkja og gera þau sem best verður á kosið í sveitafélaginu.

Meetoo byltingin fer ekki hljótt yfir og er það mikilvægt að heyra og gefa þeim rödd sem hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Æskulýðsvettvangurinn, sem samanstendur af Bandalagi íslenskra skáta, KFUM, KFUK, Slysavarnarfélagi Landsbjargar og Ungmennafélagi Íslands, hafa útbúið viðbragðsáætlun fyrir félagasamtökin. Í viðbragðsáætluninni eru verkferlar sem nýta má þegar atvik eða áföll verða. Dæmi um atvik sem viðbragðsáætlunin nær til eru agabrot, ávana- og vímuefnanotkun, einelti, kynferðisbrot, alvarleg veikindi, áföll, slys og andlát. Við hvetjum aðildarfélög okkar til þess að skoða viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins inná heimasíðu UMFÍ.

Undir lok ársins sagði framkvæmdastjóri UMSB, Pálmi Blængsson, upp störfum þar sem hann ætlar að feta á nýjar slóðir. Í framkvæmd fór þá ráðningarferli með aðstoð Hagvangs sem tók mest allan desember mánuð. Við í stjórn UMSB vorum það heppin að fjöldi umsókna barst til okkar eða alls 12 umsóknir. Fimm aðilar voru kallaðir til viðtals en ákveðið var að ráða Sigurð Guðmundsson til starfa en hann hefur áralanga reynslu á störfum innan hreyfingarinnar. Um leið og við þökkum Pálma fyrir vel unnin störf á liðnum árum, viljum við bjóða Sigurð Guðmundsson velkominn til starfa þann 1. febrúar 2018.

Að lokum vill undirrituð þakka núverandi og fyrrverandi stjórnarmeðlimum UMSB kærlega fyrir samstarfið á liðnum árum en ég hef ákveðið að stíga út úr stjórn UMSB á sambandsþinginu 2018. Undirrituð hefur setið í stjórn UMSB síðan 2013 og telur að nú sé kominn tími til þess að hleypa nýju fólki að stjórnvölnum. Þessi fimm ára hafa verið skemmtileg og margt komið inn á borð sambandsins á þessum tíma þrátt fyrir að Unglingalandsmótið 2016 hafi staðið uppúr.

Eflum sjálfboðaliðann í okkur því þannig eflum við starfið og styrkjum þar með forvarnir.

Sólrún Halla Bjarnadóttir
Sambandsstjóri UMSB

Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2017

Sambandsstjóri	Sólrún Halla Bjarnadóttir
Varasambandsstjóri	Guðrún Þórðardóttir
Vara varasambandsstjóri	Haukur Þórðarson
Gjaldkeri	Elva Pétursdóttir
Ritari	Kristín Gunnarsdóttir
Meðstjórnandi	Anna Dís Þórarinsdóttir
Vararitari	Þórður Sigurðsson
Varagjaldkeri	Sigríður Bjarnadóttir
Varameðstjórnandi	Þórhildur María Kristinsdóttir

Starfsfólk UMSB

Framkvæmdarstjóri	Pálmi Blængsson
Tómstundastjóri	Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir

Afreksmannasjóður UMSB

Afreksmannasjóður UMSB var stofnaður á 86.sambandsþingi UMSB, þann 13.mars 2008 og var stofnframlag styrkur frá Orkuveitu Reykjavíkur að upphæð 500.000,-kr.

Tekjur sjóðsins er hlutfall af lottótekjum UMSB samkv. reglugerð, vaxtatekjur, og önnur framlög. Heimilt er að úthluta 75% af tekjum sjóðsins á hverju árið. Umsóknum í sjóðinn skal skila fyrir 1. mars en stjórn hefur heimild til að úthluta úr sjóðnum ef sérstaklega stendur á þess fyrir utan.

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Rósu Marinósdóttur, Írisi Grönfeldt og Páli Brynjarssyni og sá stjórn sjóðsins alfarið um yfirferð umsókna og úthlutun úr sjóðnum. Að þessu sinni var úthlutað 740.000 kr.

Alls bárust 6 umsóknir frá einstaklingum í sjóðinn. Allir umsækjendur hlutu styrk.

Eftirtaldir hlutu styrk:

Arnar Smári Bjarnason, körfuknattleikur	70.000
Bjarni Guðmann Jónsson, körfuknattleikur	70.000
Bjarki Pétursson, golf	170.000
Daði Freyr Guðjónsson, dans	120.000
Máni Hilmarsson hestaíþróttir	170.000
Sigurður Aron Þorsteinsson, körfuknattleikur	70.000
Marinó Þór Pálmason	70.000

Íþróttamaður Borgarfjarðar 2017

Tilnefningar til íþróttamanns Borgarfjarðar 2017

Birgitta Dröfn Björnsdóttir dans

Birgitta Dröfn byrjaði að æfa dans 6 ára gömul með DÍB og hefur alltaf sótt æfingar af kappi og dugnaði. Birgitta Dröfn hefur alltaf náð í úrslit síðan hún byrjaði að keppa. Hún hefur keppt erlendis síðan hún var 9 ára gömul í Danmörku, Englandi, París, Rúmeníu og Bandaríkjunum með góðum árangri. Hún hefur verið valin 4 sinnum í landaliðakeppni í Blackpool þar sem einungis 4 pör eru valin frá hverju landi. Hún hefur tvisvar landað íslandsmeistaratitli í gömlu dönsunum. Íslandsmeistaratitli í latín og Standarddönsum. Íslandsmeistaratitil í 10 dönsum. Bikarmeistari í latín og Standarddönsum. Birgitta hefur undanfarin þrjú ár verið valin í Íslenska landsliðið í samkvæmisdönsum. Birgitta Dröfn æfir með Dansíþróttafélagi Kópavogs og er meðal efstu para hér á Íslandi í sínum flokki sem er flokkur ungmenna og einnig meðal efstu para í fullorðins flokki. Hún hefur staðið sig vel á keppnum hérlendis sem og erlendis á árinu. Náð verðlaunasæti á öllum innlendum keppnum í sínum flokki og einnig í flokki fullorðinna.

Bjarki Pétursson golf

Bjarki byrjaði að stunda golf reglulega um 10 ára aldur. Bjarki var í öllum yngriflokka landsliðum Íslands frá 12 ára aldri og var í landsliði Íslands í 8 ár. Bjarki varð Íslandsmeistari á öllum árum sínum í yngri flokkum. Bjarki hefur orðið Borgarnesmeistari í höggleik 5 sinnum, eða alltaf þegar hann hefur tekið þátt. Einnig 3 holukeppnismeistaratitla. Frá 2014 hefur Bjarki verið við æfingar og keppni í Þýskalandi yfir sumartímann, en kom heim 2016 og tók þátt í Íslandsmótinu í höggleik og lenti í 3 sæti. Bjarki hefur verið í karlalandsliði Íslands í golfi frá því að hann hafði aldur til. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum mótum erlendis með landsliðinu og sem einstaklingur á opnum mótum áhugamanna. Frá 2015 hefur Bjarki verið við nám við Kent State háskólann í Bandaríkjunum, á námsstyrki vegna færni sinnar í golfi. Bjarki æfir og keppir með háskólanum í NCAA deildinni í golfi. Kent State háskólinn hefur á að skipa einu af sterkari golfliðum í háskólagolfinu, er í efstu deild og eru nú í 17. sæti í USA. Bjarki og félagar hafa komið liðinu úr 45. sæti í 17. sæti á síðustu árum. Samtals eru 300 skólar sem taka þátt í golfkeppni háskólanna í USA og eru 10 leikmenn sem spila fyrir hvern skóla.

Bjarni Guðmann Jónsson körfuknattleikur

Bjarni byrjaði að æfa íþróttir 6 ára og þá fótbolta og körfubolta. Badminton bættist við er hann var 8 ára. Bjarni æfði hjá Skallagrími en sótti snemma körfuboltaæfingar upp á Kleppjárnsreyki 2svar í viku og spilaði með sameiginlegu liði Reykdæla og Skallagríms nokkra vetur upp yngri flokkana. Þetta lið var mjög sterkt og gríðarlega góður hópur og spiluðu þeir að mestu á meðal A- og B-liða í sínum flokki eða á meðal þeirra sterkustu. Bjarni hefur verið einn af lykil leikmönnum í sínum aldurhópi upp yngri flokkana og hefur keppt með allt upp i þremur

flokkum á sama tímabili. Hann spilaði sinn fyrsta leik með meistaraflokki Skallagríms haustið 2015 og hefur jafnt og þétt unnið sig upp í liðinu og er orðinn einn af mikilvægari leikmönnum liðsins. Bjarni hefur verið valinn í alla undirbúningshópa fyrir unglingalandslið KKÍ og verið hársbreidd frá því að vera valinn í lokahópinn þar til á árinu 2017 er hann var valinn í U18 ára landslið Íslands. Landsliðsæfingar voru að meðaltali 4 sinnum í viku í allt sumar utan keppnisferða sem voru tvær.

Daði Freyr Guðjónsson og Marta Carrasco dans

Daði og Marta hafa dansað saman síðan í febrúar 2015 og æfa nú hjá Dansfélaginu Hvönn. Þau berjast nú í toppsætunum á efsta getustigi í fullorðinsflokki á Íslandi. Þau voru í A-Landsliði fullorðinna á árinu, sóttu landsliðsæfingar og kepptu fyrir íslands hönd á Evrópumeistaramóti og Heimsmeistaramóti. Þau hafa keppt á fjölmörgum mótum innanlands, unnið til fjölmargra verðlauna .

Heiðar Árni Baldursson og Logi Sigurðsson bridge

Fyrir um fjórum árum fóru þeir félagar á námskeið í bridge og hafa þeir í framhaldinu spilað og keppt fyrir Bridgefélag Borgarfjarðar en jafnframt verið undir handleiðslu þjálfara í Reykjavík. Helsti árangur er að þeir lentu í 2 sæti á haustmóti bridge félags Borgarfjarðar. þeir lentu í öðru sæti í aðaltvímenningi, 3. sæti á Þorsteinsmótinu

Helgi Guðjónsson fyrir knattspyrnu

Helgi er mjög fjölhæfur íþróttamaður sem byrjaði að æfa hjá ungmennafélagi Reykdæla þegar hann var 5 ára og hefur verið í stöðugri framför síðan, en fram til ársins 2016 setti hann m.a. 59 Borgarfjarðarmet í sundi og frjálsum íþróttum. Helgi æfði og spilaði með meistaraflokki Fram árið 2017. Hann spilaði 21 leik með liðinu á Íslandsmótinu og í Bikarkeppninni auk fjölmargra æfingaleikja. Á undirbúnings tímabilinu var hann markahæstur hjá félaginu. Á Íslandsmótinu og í Bikarkeppninni spilaði hann svo á miðjunni hjá liðinu og skoraði 2 mörk í 21 leik fyrir félagið. Vegna þátttöku með meistaraflokki fékk hann mjög lítið að spila með 2. flokki. Þrátt fyrir það var Helgi markahæstur með 2. flokki í Reykjavíkurmótinu árið 2017 með tíu mörk þrátt fyrir að fá einungis að spila 5 af 14 leikjum liðsins í mótinu. Helgi var valinn efnilegasti leikmaður hjá meistaraflokki Fram á árinu og átti sæti í æfingahópi U-19 landsliðsins.

Ingibjörg Rósa Jónsdóttir badminton

Inga Rósa byrjaði að æfa badminton 6 ára eða 2007 og hefur alla tíð æft og keppt með UMF Skallagrím. Auk þess hefur hún sótt æfingar á Akranesi. Í byrjun árs var Inga Rósa á yngra ári í U17 og því á brattan að sækja en gekk vel og skilaði sér í úrslit að meðaltali í 2 greinum á hverju móti. Inga Rósa hefur spilað með Brynjari Má Ellertsyni ÍA frá því árinu 2014 og hafa þau náð vel saman og orðin sterkt par á vellinum. Tvenndarleikurinn er sterkasta grein Ingu Rósu en hún er einnig góður tvíliðaleiksleikmaður. Hún hefur verið að bæta sig jafnt og þétt og var engin breyting á því á vorönninni. Hún mætti tvíefld til leiks og vel mótíveruð fyrir komandi verkefnum og sótti sem fyrr 1-2 æfingar út á Akranes í viku auk þess að æfa 2svar í viku í Borgarnesi og styrktaræfingar inn á milli og hugsa um og bæta mataræði og svefn. Mikið æfinga- og keppnisálag var í byrjun árs þar sem landsliðsæfingar bættust ofaná. Inga Rósa hefur

verið okkar sterkasti badmintonspilari síðustu ár og gæti auðveldlega náð mun lengra ef hún hefði betri aðstöðu til.

Máni Hilmarsson hestaíþróttir

Máni hefur stundað hestamennsku frá blautu barnsbeini. Frá því hann flutti í Borgarnes ungur að árum, hefur hann stundað hestamennskuna af fullum krafti og byrjaði snemma að keppa á mótum hjá Skugga og náði fljótt góðum árangri. Máni hefur, frá því hann byrjaði að keppa í barnaflokki, strax og hann hafði aldur til, tekið stórstígum framförum í íþrótt sinni. Hann hefur hin seinni ár verið með mikið úrval keppnishrossa og verið duglegur að taka þátt í keppnum og oftast með góðum árangri, oftar en ekki í verðlaunasæti í viðkomandi grein. Máni varð Íslandsmeistari í fimmgangi á Íslandsmóti yngri flokka í Borgarnesi árið 2015 og hafði þá vaxið og þroskast jafnt og þétt undanfarin ár sem keppnis – og tamningamaður enda duglegur við að taka þátt í keppnum, bæði innanhéraðs sem og utan. Máni er kominn í fremstu röð keppenda í hestaíþróttum. Þarf ekki annað en vísa til þess að hann varð heimsmeistari í ungmennaflokki á HM 2017 í Hollandi í ágúst í sumar á hesti sínum Presti frá Borgarnesi sem hann hefur sjálfur tamið og þjálfað til mikilla afkasta.

Randi Holaker hestaíþróttir

Randi byrjaði ung í hestamennsku og hefur verið atvinnumanneskja í hestamennsku síðan 2005. Hún hefur reiðkennarapróf frá Hólum, útskrifuð þaðan 2008. Hún stundar tamningu, þjálfun og kennslu á Skáney í Reykholtsdal. Randi hefur staðið framarlega í bæði íþrótta- og gæðingakeppni í keppnum á Vesturlandi og víðar síðustu ár.Randi hefur verið virk í kennslu, ekki síst verið dugleg að standa fyrir unglinga og barnastarfi. Hún hefur keppt fyrir hönd hestamannafélagsins Faxa auk þess að taka þátt í Vesturlandsdeildinni sem haldin er í Borgarnesi.

Sigursteinn Ásgeirsson frjálsar íþróttir

Sigursteinn hóf snemma að æfa frjálsar íþróttir á sumrin með UMF.Stafholtstungna, hann hefur síðan þá æft með þeim og Frjálsíþróttafélagi Borgarfjarðar, hann hefur einnig sótt æfingar hjá SamVest samstarfshópnum og síðan í haust hefur hann einnig æft hjá ÍR. Sigursteinn byrjaði ungur að keppa á innanhéraðs mótum. Fljótlega fór hann að keppa á stærri mótum er aldur leyfði s.s. Unglingalandsmóti og Meistaramótum, þá keppti hann í flestum greinum frjálsíþróttanna, en kom síðan í ljós að kastgreinarnar áttu sérlega vel við hann.Á árinu 2016 var Sigursteinn besti kastari innan UMSB í sínum aldurflokki og einn efnilegasti kastari landsins. Hann varð fjórfaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokki á MÍ 15 – 22 ára sem var í Hafnarfirði. Hann vann allar kastgreinarnar en það sýnir hans styrkleika á landsvísu.

Sigrún Sjöfn Ámundadóttir körfuknattleikur

Sigrún byrjaði ung að æfa körfuknattleik með Skallagrím í Borgarnesi, þegar í framhaldsskóla var komið þá flutti hún sig um set og lék með Haukum í Hafnarfirði og hefur síðan leikið með Haukum, KR, Hamri, Grindavík og erlendum liðum en er nú komin heim í sitt uppeldissfélag Skallagrím. Sigrún hefur unnið titla með sínum félögum og margoft verið valin í úrvalslið að keppnistímabilum loknum auk þess að fá viðurkenningar fyrir stigaskor og tekin fráköst svo eitthvað sé nefnt. Sigrún hefur undanfarin ár verið einn af burðarásum íslenska kvennalandsliðsins í þeim keppnum sem liðið hefur tekið þátt í. Samhliða því að spila með úrvalsdeildarliði Skallagríms þá sinnir Sigrún þjálfun yngri leikmanna Skallagríms og hefur orðið mikil fjölgun t.a.m. hvað varðar iðkendur í stelpnaflokkum, Sigrún sinnir því verkefni af

metnaði og gleði og smitar sína leikmenn af áhuga og metnaði þeim sem hún býr yfir. Sigrún er einn af lykilleikmönnum í sterku liði félagsins í úrvalsdeild kvenna, Dominosdeild. Auk þessa hefur hún átt góða leiki með A-landsliði Íslands og verið alger lykilleikmaður í því liði.

Úrslit

5. sæti - Daði Freyr Guðjónsson og Marta Carrasco
4. sæti – Bjarni Guðmann Jónsson
3. sæti – Sigrún Sjöfn Ámundadóttir
2. sæti – Bjarki Pétursson
1. sæti – Máni Hilmarsson

Aðildarfélög UMSB

Félag	Fjöldi félagsmanna
UMF.Íslendingur	170
UMF.Dagrenning	58
UMF.Reykdælir	176
UMF.Stafholtstungna	182
UMF.Egill Skallagrímsson	49
UMF.Skallagrímur	1149
UMF. Björn Hítdælakappi	64
HMF. Skuggi	287
HMF. Faxi	256
GK Borgarness	140
GK Glanni	77
GK. Skrifla	27
Dansíþróttafélag Borgarfjarðar	56
Ungmenna og íþróttaf. Hvalfjarðarsveitar	65
Frjálsíþróttaf. Borgarfjarðar	32
Mótorsportfélag Borgarfjarðar	85
Skotfélag Vesturlands	104
Samtals	**2964**

Ársskýrslur aðildarfélaga

Ársskýrsla Frjálsíþróttafélags Borgarfjarðar

Árið 2017 var að venju fjölbreytt og skemmtilegt hjá F.B. Á vorönn voru hefðbundnar æfingar í íþróttahúsinu í Borgarnesi. Aldurskipt í 1-4 bekk í samstarfi við Tómstundaskólann sem Steinþór Logi Arnarsson sá um þjálfun á. 5 bekkur og uppúr sem Unnur Jónsdóttir sá um þjálfun og einnig var hún með styrktaræfingar á miðvikudögum fyrir eldri hópinn. Mjög góð mæting var hjá iðkendum í báðum aldurshópum og vegna mikils fjölda í eldri hópnum fór Steinþór að aðstoða Unni seinnihluta vorannar. En Unnur var einnig með æfingar á Hvanneyri fyrir 1-4 bekk í samstarfi við Tómstundaskólann.

Unnur fór einnig á nokkur mót með iðkendum á vorönninni sem og samæfingar á vegum SamVest. En F.B. er í samstarfi með 7. öðrum héraðssamböndum sem nefnist Samvest og er tilgangurinn að auka hróður frjálsíþrótta. Fréttir af SamVest má sjá hér: http://bjorg98.wixsite.com/samvest . Fyrst var Sigríður Sjöfn Helgadóttir tengiliður F.B. inn í SamVest samstarfið en svo tók Hallgrímur Sveinsson að sér að vera fastur tengiliður þar inn og kemur að skipulagningu samæfinga og öðru sem snýr að samstarfinu. Eins kemur Unnur Jónsdóttir að því að sjá um að búa til bikarlið og fer með þeim á mót.

Við áttum einn keppanda í bikarliði Samvest í Bikarmóti FRÍ innanhúss 15 ára og yngri 12 mars 2017 en það var Daníel Fannar Einarsson.

Aðalfundur var í seinna lagi þetta árið en hann var haldinn seinnipartinn í maí í kjölfar slútts á vetraræfingum og boðið upp á pizzur og gos. Mæting hefði mátt vera betri og eins áhugi foreldra á stjórnarsetu í félaginu. En ný stjórn var kjörin eftir nokkur símtöl og samningaviðræður 😊

Formaður: Sigríður Sjöfn Helgadóttir

Gjaldkeri: Sæunn Ósk Kjartansdóttir

Ritari: Björg María Þórsdóttir

Meðstjórnendur: Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir

Árni Hrafn Hafsteinsson

Árni Hrafn kom aldrei inn í stjórnina og Björg María baðst undan setu í stjórninni í lok sumars. Ásgeir Ásgeirsson og Unnur Jónsdóttir komu þá inn í stað þeirra.

Sumaræfingar voru á vegum F.B. á Hvanneyri 1. sinni í viku og í Borgarnesi 2. sinnum í viku. Unnur Jónsdóttir sá alfarið um þær og voru þær allar ágætlega sóttar þó að við viljum alltaf sjá fleiri iðkendur á æfingunum.

Samvest stóð fyrir sumarmóti í Borgarnesi þann 9. Júlí s.l. og var aðkoma F.B. töluverð í sambandi við skipulag og utanumhald. Gaman er að segja frá því að þetta var fjölmennasta mót sem haldið hefur verið á vegum SamVest hingað til en 89 þátttakendur voru skráðir til leiks. Það er ekki hægt að halda svona mót nema með góðu starfsfólki og stór hluti af því var á vegum F.B. og stóð sig frábærlega vel.

Einnig voru keppendur frá F.B./UMSB á fleiri mótum og má nefna MÍ og ULM og áttu þeir allir velgegni að fagna annaðhvort í persónulegum bætingum eða í verðlaunasætum.

28. ágúst hófust svo æfingar í Borgarnesi og var ákveðið að skipta þeim upp í þrjá hópa að þessu sinni og bjóða skólahóp leikskólanna að taka þátt líka. En skiptingin varð þá þannig:

Skólahópur-4 bekkur. Mánudagar kl. 15.55 – 16.45

5 – 7 bekkur. Þriðjudagar kl. 16.20 – 17.10

8 bekkur og eldri. Þriðjudagar kl. 16.50 – 18.00

Þarna skarast aðeins tíminn á þriðjudögum en með því að elsti hópurinn hiti upp á meðan miðstigið er að klára æfinguna þá ná þau að klára sína æfingu fyrr og ná strætó þau sem þess þurfa. Einnig var boðið upp á þrekæfingar fyrir eldri hópana á miðvikudögum á milli 16.00 – 17.20. Hafa þessar æfingar allar verið mjög vel sóttar og aukning í iðkendum sem segir okkur að þetta fyrirkomulag að fjölga hópunum var í rétta átt. Vonandi verður hægt að halda þessu fyrirkomulagi áfram næsta vetur.

Á Hvanneyri voru líka æfingar í samstarfi við Tómstundaskólann eins og á vorönninni. Einnig voru frjálsíþróttaæfingar á Varmalandi í samstarfi við Tómstundaskólann sem Unnur Jónsdóttir sá um á haustönninni en var svo breytt yfir í körfu og fótboltaæfingar eftir áramót.

Einnig var tekin ákvörðun um að stefna á Gautaborgarleikana í Svíþjóð með iðkendur í júní 2018. Var haldinn fundur í Grunnskólanum í Borgarnesi sem var vel sóttur og voru tæplega 20 iðkendur áhugasamir um að fara ásamt nokkrum foreldrum og þjálfara. En eins og alltaf eru alltaf einhverjir sem detta út á leiðinni og kemur það í ljós á vormánuðum hversu margir fara.

Nokkur mót voru á haustmánuðum og má nefna Brons og silfurleika ÍR sem og Gaflarann og þar áttum við keppendur sem allir stóðu sig vel.

En það er með þetta félag eins og önnur að til þess að það sé virkt og öflugt þarf áhugasamt og ötult fólk til starfa. Við erum einstaklega heppin að hafa Unni Jónsdóttur í okkar röðum og vil ég sérstaklega þakka henni fyrir hennar aukaframlag til Frjálsíþróttafélagsins því það er töluvert og ekki nógu oft þakkað fyrir það. Eins vil ég koma þakklæti til allra sem að hafa lagt hönd á plóginn til að halda félaginu virku.

Formaður F.B.

Sigríður Sjöfn Helgadóttir.

Golfklúbbur Borgarness

Í stjórn klúbbsins:

Formaður Ingvi Árnason Varaformaður Björgvin Óskar Bjarnason Ritari Guðmundur Daníelsson Gjaldkeri Margrét Guðnadóttir Meðstjórnandi Jón J Haraldsson

Inngangur Að baki er 44. starfsár klúbbsins og áfram erum við í ströngu aðhaldi fjárhagslega, að halda félaginu gangandi fjárhagslega. En við getum ekki sagt annað en að reksturinn hafi gengið vel almennt þrátt fyrir bága stöðu okkar. Starfsmenn okkar, bæði launaðir og ólaunaðir eru snillingar að halda rekstrinum gangandi. Margir vísar, svo sem ummæli og kannanir, segja okkur að við séum að gera vel. Veðrið var ekki hagstætt framan af sumri, mikil úrkoma var á suðvesturhorninu sem fældi fólk frá að koma í Borgarnes. En hér var mun minni úrkoma en á höfuðborgarsvæðinu. Skarðsheiðin sá um það. Völlurinn naut bara góðs af úrkomunni og gróður tók vel við sér og var völlurinn kominn í topp stand í júní.

Rekstur golfklúbbsins. Rekstur klúbbsins er áfram erfiður. Ekki hafa skapast aðstæður til „hagræða“ í rekstinum eins og áætlað var í aðgerðaráætlun klúbbsins um fjárhagslega endurskipulagningu, en þar er brýnast að endurnýja vélakost klúbbsins. Við erum enn með of lágar tekjur miðað við 18 holu golfvöll. Í fjárhagsáætlun klúbbsins fyrir 2017 var gert ráð fyrir tekjum að upphæð 39.4 m.kr. Tekjur klúbbsins urðu mun minni eða 33.9 m.kr. Í áætluninni var gert ráð fyrir 7,2 m.kr rekstrarstyrk frá Borgarbyggð, en ekki náðist samningur um neina rekstarstyrki síðasta vetur. Snemma sumars var útlitið ekki gott, vallartekjur voru litlar í júní og var útlitið dökkt. Okkar helstu tekjustofnar eru félagsgjöld, sem eru nokkuð stöðug og vallar- og mótagjöld sem eru hinsvegar háðar veðri. Það var eitt af markmiðum okkar í fjárhagslegri endurskipulagning klúbbsins að byggja upp eiginfjárstöðu klúbbsins til að geta mætt sveiflum í tekjum. Það hefur ekki gengið eftir ennþá. Til að ná endum saman varð að gera annað hvort, að afla meiri tekna eða skera niður kostnað. Niðurskurður í kostnaði táknaði það eitt að fækka starfsmönnum og minnka þjónustu á vallarsvæðinu og var sá möguleiki ræddur að loka 9 holum í sparnarðarskyni. En ákveðið var að byrja á að leita leiða til að afla meiri tekna. Var leitað til velunnara, fyrirtækja, einstaklinga og sveitarfélagsins. Við náðum samningum við Borgarbyggð um 1,0 m.kr styrk til hirðingu vallar. Erum við afar þakklát fyrir þann stuðning, hafi þeir bestu þökk fyrir. Aðrir aðilar komu inn með minni upphæðir sem saman gerðu rúmar 2 m.kr. Eftir frekar rýran júní mánuð glaðnaði til á Hamri og var aðsókn góð langt fram á haust. Nánar verður gerð grein fyrir rekstri klúbbsins þegar ársreikningur klúbbsins verður lagður fram. Það er í reynd kraftaverk að reka 18 holu golfvöll í þessum gæðaflokki fyrir 32 m.kr. á ári. Sambærilegir klúbbar eru með rekstartölur sem eru tvöfalt hærri. Það er því brýnt að auka tekjur klúbbsins. Fjölga félögum, auka aðsókn að vellinum og afla styrkja.

Sveitarfélög á Íslandi hafa stutt vel við íþróttastarfsemi, fyrst og fremst sem lið í að efla lýðheilsu þegna sinna. Það á einnig við um golffélög. Félagar í íþróttafélögum þurfa líka að vera með framlag til starfseminnar til að efla félagið sjálft, en ekki síður til að auka skilning og velvild annarra til félagsins. Við höfum verk að vinna í að skapa sátt og skilning á stafsemi klúbbsins. Á Akranesi hefur sveitartfélagð stutt vel við starfsemi Leynis, en beinir rekstarstyrkir til þeirra hafa numið 5.0 m.kr. á ári auk annarra framlaga til einstakra framkvæmda. Við erum nú í viðræðum við Borgarbyggð um aðkomu þeirra að endurnýjum á vélakosti klúbbsins. Grundvöllur þess byggir á samstarfi aðila um hirðingu á grænum svæðum í sveitarfélaginu.

Framkvæmdir, völlurinn. Framkvæmdir voru í lágmarki á árinu. Lokið var við frágang á 8. braut eftir breytinguna 2016 og var stórri glompu hægra megin við flötina lokað og svæðið þökulagt og göngu- og golfbílastígur var lagður við hlið brautarinnar. Það voraði vel og var allur gróður snemma á ferðinni. Brautir sem margar hverjar fóru illa af kali veturinn 2013-2014 náðu að gróa saman og var ásýnd vallarinn mjög góð. Unnið var áfram með það að leiðarljósi að hafa völlin spilavænlegan fyrir alla kylfinga, karginn hóflega hár og brautir slegnar að flatarkanti. Ebba vann áfram að grisjun trjá og fylgdi því eftir með sínu öfluga vélorfi að slá niður karga í trjábeðum og þekktum álagssvæðum. Flatirnar voru áfram mjög góðar. Það var staðfest af bestu kylfingum landsins sem mættu í 4. mót Eimskipsmótaraðarinnar sem haldið var í byrjun júlí. „Geggjaðar flatir…. þetta er eins og að spila á topp völlum í útlöndum.“ Kylfingar eru almennt mjög ánægðir með völlinn og fengum við það einnig staðfest í „Gallup“ könnun sem GSÍ stóð fyrir. Þar er Hamarvöllur að skor hæst allra fyrir liðina“Umhirða golfvallar“ og „Umhverfi golfvallar“.

Starfsmannamál Jóhannes framkvæmdastjóri var áfram með vallarumsjón og stýrði öllu útivið strax á vordögum og vann þar á fullu eins og aðrir vallarstafsmenn. Hann á heiðurinn af því hvernig völlurinn er, enda setur hann sinn metnað í að hafa völlinn í topp standi. Samtals voru 7 launaðir starfsmenn að störfum í sumar: Jóhannes Ámannsson. Framkvæmdastjóri og vallastjóri´ Guðbrandur Magnússon, bifvélavirki sem sá um að halda gömlu vélunum okkar gangandi. Þegar hann var ekki í viðgerðum á vélum vann hann sem vallarstarfsmaður. Vallarstarfsmenn: Arnar Smári Bjarnason, Eggert Örn Sigurðsson , Ásmundur Guðmundsson, Heiðar Sindrason, Heimir Smári Sindrason og Hilmar Elís Hilmarsson Sjálfboðaliðar og hlutastarfsmenn voru einnig að stöfum hjá okkur. Björgvin Óskar Bjarnason var áfram fulltrúi Jóhannesar á skrifstofunni og sinnti daglegum störfum framkvæmdastjóra ásamt því að vera mótsstjóri klúbbsins eins og undanfarin ár. Bergsveinn Símonarson var að vinna ýmis störf á útisvæðum. Þórhallur Teitsson var á fullu í vallarhirðingu og slætti. Ebba var á sínum stað, að grisja, kurla, planta, skreyta og fegra. Það er ekki lítið sem þessir starfsmenn hafa lagt til klúbbsins, hafa gefið vinnu sína meira og minna. Án þeirra væri þetta ekki hægt. Þessum starfsmönnum, bæði launuðum og ólaunuðum, vil ég færa bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Sérstakar þakkir vil ég færa Jóhannesi fyrir framlag hans. Hann hefur haldið rekstarkostnaði klúbbsins niðri síðustu árin og á sama tíma gert völlinn að einum þeim besta í landinu.

Mótahald Skráð mót á Hamarsvelli sumarið 2017 voru 38. Mót hópa/fyrirtækja 13. Á vegum klúbbsins voru haldin 18 innanfélagsmót og 4 almenn opin mót. Klúbburinn sá um að halda 2 GSÍ mót. Eimskipsmótaröðin (4) Símamótið, Íslandsmót golfklúbba - 2. deild karla og eitt öldungamót, Öldungamótaröðin 6 - Olísmótið.

Tekjur af mótahaldi hækkuðu á milli ára úr 4,3 m.kr í 4,9 m.kr.

Fjöldi félaga, tekjur af félags- vallar og mótagjöldum Félögum klúbbsins fjölgaði um 1 frá fyrra ári, eru nú 175. Tekjur af félags- vallar- og mótagjöldum eru nú samtals 24,9 m.kr. Voru 25,1 á síðasta ári, hafa lækkað um 0,2 m.kr Árangur félaga GB á árinu Finnur Jónsson og Brynhildur Sigursteinsdóttir urðu klúbbmeirarar árið 2017. Íslandsmót Golfklúbba fór fram í ágúst. Þrjár sveitir tóku þátt í keppninni í ár. Sveit karla keppti í 2. deild sem fram fór á Hamarsvelli, 11.-13. ágúst. Sveitin átti erfitt uppdráttar gegn sterkum sveitum og lenti í 7 sæti og leikur í 3. deild að ári. Sveit öldunga í karlaflokki keppti í 2. deild sem fram fór í Sandgerði dagana 18-20. ágúst. Sveitin hafnaði í 6. sæti og leikur áfram í 2. deild. Kvennasveit öldunga keppti í 2. deild sem fram fór í Vestmannaeyjum dagana 18-20. ágúst. Sveitin hafnaði í 3. sæti, sem er glæsilegur árangur. Sveitin leikur áfram í 2. deild.

Golfkennsla Á vordögum var Magnús Birgisson ráðinn sem Íþróttastjóri til klúbbsins. Hann annaðist einnig kennslu hjá Mostra í Stykkishólmi og Vestarr í Grundarfirði. Það var mikill fengur að fá Magnús til starfa hjá okkur. Fastar æfingar hjá öllum hópum kylfinga sem setti mark sitt á færni kylfinga og námskeið fyrir börn og unglinga sem skiluðu sér í auknum áhuga þessa hóps á golfíþróttinni.

Inniaðstaða „Eyjan“ „Eyjan Inniaðstaða“ var vel nýtt s.l. vetur, sérstaklega af eldri borgurum. Púttmót á vegum GB voru fá og dræm mæting. En pútt-mótaröð eldri borgara voru vel sótt. Ekki var um að ræða skipulagðar golfæfinga á vegum klúbbsins í aðstöðunni. Golfhermirinn var til staðar og nýttu 3 hópar hann til reglulega æfinga/keppni. „Æfingaaðstaða inni“ var einn að þeim þáttum sem spurt var um í Gallup könnun GSÍ. Golfklúbbur Borgarnes skoraði hátt í þeim lið könunarinnar.

Samstarfsaðilar Hótel Hamar hefur séð um rekstur Golfskálans fyrir okkur frá 2013. Þar hafa félaga og gestir notið veitinga yfir sumarið. Ragheiður Guðmundsdóttir og Pétur Gunnar Guðmundsson stóðu vaktina í skálanum. Samstarf við Hótel Hamar hefur verið farsælt í gegnum árin, ekki bara hvað varðar rekstur skálans, heldur einnig fyrir okkur félaga GB hvað varðar viðburði í starfi klúbbsins, svo sem verðlauna- og lokahóf sumarsins. Hótel Hamar, eina „Golfhótel“ landsins, hefur sett sinn svip á starfsemi klúbbsins.

Hótelið hefur boðið kylfingum „Golfpakka“ þ.e. Golf, gistingu og mat með ýmsum afbrigðum. Horfum við fram á áframhaldandi aukningu „golfhótelgesta“ á komandi árum. Við þökkum Sigurðurði Ólafssyni og hans fólki á Hótel Hamar samstarfið á liðnu ári.

Lokaorð Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um helstu atriði í starfsemi Golfklúbbs Borgarness. Gerð er grein fyrir starfi nefnda í sérstökum skýrslum sem lagðar eru fram hér á fundinum. Nú er lokið 44. starfsári okkar. Árið hefur haft sína sérstöðu eins og flest ár. Gróðursælt vor, en lítið af gestum. Íþróttastjóri var ráðinn til klúbbsins. Rekstarvandi. Frábært ástand vallar. Góð aðsókn að opnu mótunum, flestum. Ánægðir gestir. Gott orðspor vallarins. Gott haust. Í Gallup könnun sem GSÍ stóð fyrir kemur fram hver okkar staða er í hinum ýmsu þáttum könunarinnar samanborði við aðra. Kynning á helstu niðurstöðum könnunarinnar mun verða hér í lok fundar. Ég vil nefna tvennt í þessari könnun sem varðar okkur sérstaklega. „Vallarsvæði Almennt“ og „Umhirða vallar“ Þar skorum við hæst. Erum með bestu einkunn á Vesturlandi og vel yfir landsmeðaltali. „Félagsandi í klúbbnum“ Þar skoðum við lægst allra. Niðurstöður könnunarinnar getum við nýtt til að bæta okkar stöðu. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdstjóri Leynis flutti erindi á þingi Golfsambandsins um daginn um mikilvægi þess að félög leggja fram sjálfboðavinnu í einstök verkefni. Það mun bæta félagsandann og auka skilning og velvild annarra til félagsins. Bæjaryfirvöld eru líklegri til að styðja og styrkja félög þar sem vel er starfað félagslega og verklega. Félagsandi er bestur þegar félagar gera eitthvað saman, þegar félagar koma saman í átaksverkefni þá eru allir glaðir. Félagi góður… Hvað ætlar þú að gera í því? spurði Friðrik Dór í góðum texta.

Svarið er: Við gerum bara eitthvað gott og gerum það saman, mér er alveg sama hvað, bara ef það er gaman svífum saman eins og Poppins á hlífinni Brotlendum þegar hún týnist í hlíðinni Fljúgum saman eins og Dúmbó á eyrunum Gerum eitthvað gott sem fólk fær að heyra um Gerum eitthvað gott sem fólk fær að heyra um Gerum bara eitthvað gott sem fólk fær að heyra um. Ég vil að lokum þakka stjórn, nefndum og öðrum félögum og velunnurum gott starf í þágu klúbbsins og samstarfsaðilum öllum ánægjulegt samstarf.

F. h. stjórnar Golfklúbbs Borgarness Ingvi Árnason

Golfklúbburinn Glanni

Vinnudagur á golfvellinum var laugardagurinn 14. maí. Öll tæki gerð klár, flatir sandaðar, fræjum dreift á flatir, öll teigmerki og ruslafötur sett út, teigar og flatir slegnar, nýjar holur teknar, tekið var til í golfskálanum og hann þrifinn og borið á pall. Eftir mikila vinnu félagsmanna og stjórnarmanna var völlurinn opnaður í lok vinnudags.Styrkur frá Rannís var nýttur til kaupa á flatarsláttuvél og kerru.Hlynur sem var með golfþáttinn á RÚV kom í lok maí á Glanna og tók upp efni í þáttinn. Hann ræddi við forráðamenn golfklúbbsins og gesti og myndaði á vellinum.Mótanefndin skipulagði tvö mót, fyrra mótið var opið mót haldið laugardaginn 12. ágúst. Vel var mætt á mótið og allir fóru ánægðir heim. Seinna mótið sem var innanfélagsmót var haldið 2. sept . það tókst bara mjög vel en við hefðum viljað sjá fleiri félagsmenn á mótinu. Tveir nemendur á Bifröst voru ráðnir á völlinn, einnig voru við með starfsmann sem kom úr unglingavinnunni í Borgarbyggð. Við misstum svo starfsmennina út í byrjun ágúst vegna veikinda og eins byrjaði skólinn um miðjan ágúst, sem olli okkur miklum erfiðleikum. Stjórnarmenn þurftu því nokkrum sinnum að grípa inní og slógu flatir, brautir, teiga og röff og annað sem þurfti að gera.

Ákveðið var að hafa salernið opið í sumar þrátt fyrir að engin styrkur kæmi frá Borgarbyggð. Umgengni við völlinn var miklu betri í sumar, ekki eins og í fyrrasumar þegar salernið var lokað og þá sáust víða ummerki eftir ferðamenn sem höfðu létt á sér víða á vallarsvæðinu.

Samstarf við Hótel Bifröst var í sumar og voru tilboðspakkar seldir af þeirra hálfu. Rekstur á golfskálanum var leigður til þeirra sem ráku kaffihúsið í Munaðarnesi. Sú samvinna gekk mjög vel en því miður hættu þeir rekstrinum í Munaðarnesi og verða því ekki með okkur næsta sumar. Nýr rekstraraðili á kaffihúsinu í Munaðarnesi mun taka við rekstrinum á golfskálanum.

Blaðamaður á DV komst að því, að skondið atvik átti sér stað þegar ferðamenn tjölduðu á vellinum. Hann langaði til að skrifa létta og skemmtilega frétt um málið, enda líklega frekar óvenjulegt vandamál fyrir vallarverði og var þessi frétt svo birt í DV.

Aðalfundur var haldin í nóvember. Stjórnin var endurkjörin, Snorri Þórðarson formaður, Garðar Hilmarsson varaformaður, Viðar Þorsteinsson gjaldkeri, Jónas Hallgrímsson ritari, Kolbeinn Pálsson meðstjórnandi og Jón Freyr Jóhannsson varamaður. Svipaður fjöldi félagsmanna var á síðasta ári og aðsókn á völlinn var svipuð eins og áður þrátt fyrir lélegt veður í byrjun sumars. Afkoma golfklúbbsins var réttu megin við núllið en það má þakka allri þeirri sjálfboðavinnu sem unnin er af stjórnarmönnum og félagsmönnum.

Nú erum við í stjórninni komnir á fullt með undirbúning fyrir næstu vertíð. Enn þá vantar okkur þó starfsmann á völlinn en vonandi mun það ganga að lokum að finna mann. Þrátt fyrir erfiða tíð í vetur verður vonandi hægt að opna völlinn um miðjan maí. Við vonumst svo til að sjá sem flesta golfara á Glanna í sumar.

f.h. Golfklúbbsins Glanna.

Snorri Þórðarson formaður

Golfklúbburinn Skrifla

Markmið og tilgangur GSR á hverjum tíma er að efla áhuga fólks á golfíþróttinni og að vinna að framgangi hennar í héraði með því m.a. að efla aðstöðu til golfiðkunar og halda golfmót á vegum félagsins.

Ein af stoðum félagsins er að styrkja rekstur Reykholtsdalsvallar. Það hefur samning við eigendur golfvallarins um heimili klúbbsins og fyrirgreiðslu í Golfskálanum Byrgishóli að Nesi í Reykholtsdal, réttindi og aðgang félagsmanna að vellinum hverju sinni. Félagið er aðili að Golfsambandi Íslands.

Fullgildir félagar voru 18 á starfsárinu. Það ber að geta þess að ungliðar 20 ára og yngri eru ekki gjaldskyldir séu þeir skráðir félagar í klúbbnum

Starfsemi félagsins var hefðbundin á árinu. Haldin voru 3 mót á vegum félagsins:

1. Vormót félagsins var haldið 24 júní og var fyrirkomulagið punktakeppni m/forgjöf. Þátttakendur voru 6 og sigurvegari mótsins var Jakobína Eygló Benediktsdóttir, í öðru sæti var Þór Ríkharðsson og í þriðja sæti Gréta Benediktsdóttir.
2. Meistaramót Skriflu 2017 var haldið 29 júlí. Það er innanfélagsmót og til leiks mættu 5 þátttakendur, fyrirkomulagið höggleikur m/forgjöf og keppt í flokki karla og kvenna. Meistari félagsins í flokki karla er Vilhjálmur Hafsteinsson og meistari í flokki kvenna er Ingrid Svensson.
3. Snorramótið var haldið 2 september, þátttakendur voru 6 talsins og fyrirkomulagið höggleikur m/forgjöf. Sigurvegari Snorramótsins 2017 var Ingrid Svensson. Guðrún Ólafsdóttir var í öðru sæti og Magnús Sigurðsson í því þriðja.

Magnús Sigurðsson
Formaður stjórnar Skriflu.

Hestamannafélagið Faxi

Síðastliðið starfsár Hmf Faxa einkenndist einna mest sameiningarviðræðum hestamannafélaga og undirbúningi fyrir Fjóðungsmót. Strax upp úr áramótunum hófust sameiningarviðræður við Skuggafólk. Í sameiningarnefndinni voru frá Faxa: Kolbeinn Magnússon, Þórdís Arnardóttir, Björg María Þórsdóttir, Gíslína Jensdóttir og Íris Ármannsdóttir. Frá Skugga voru Stefán Logi Haraldsson, Reynir Magnússon, Sigþór Ágústsson, Steinunn Árnadóttir og Erla Rúnarsdóttir. Mikið var fundað fram á vor og þráðurinn tekinn upp að hausti þar til sameining var samþykkt í báðum félögum með kosningu í lok árs. Hestamannafélögin Faxi og Skuggi verða því lögð niður og félagar flytjast sjálfkrafa í hið nýja félag, nema þeir óski annars. Svolítil pappírsvinna fylgir að sjálfsögðu þessu ferli t.d. tilkynningar til UMSB, ,ÍSÍ og LH.

Skipuð var sérstök undirbúningsnefnd til að sjá um stofnun nýja félagsins og boða til stofnfundar. Í henni sátu 2 félagar í hvoru félagi auk oddamanns frá UMSB.

KB mótaröðin var á sínum stað. Umtalsvert minni þátttaka var þó síðastliðinn vetur.

Íþróttamót var haldið í byrjun maí í samstarfi við Skugga og gekk mótið vel og hestakostur góður. Lífland var styrktaraðili mótsins.

Gæðingamót, sem einnig var Fjórðungsmót, var haldið í byrjun júní, einnig í samstarfi við Skugga og gekk vel. Arionbanki styrkti það mót.

Þrátt fyrir að mótin sem slík hafi gengið vel voru þau rekin með halla.

Knapamerkjanámskeið voru haldin í samstarfi við Grunnskóla Borgarfjarðar. Eins og áður voru þau haldin á Skáney í umsjón þeirra Randýar og Hauks og var þátttaka þónokkuð góð og mikil ánægja með námskeiðin. Vonandi verður framhald á þeim og sérlega ánægjulegt að sjá áhuga unga fólksins okkar vaxa.

Einnig var haldið námskeið fyrir börn og unglinga á Laugavöllum sem æskulýðsnefndin sá um, þær Berglind á Laugavöllum, Jóhanna á Hofsstöðum og Randy á Skáney. Námskeiðið endaði með keppni þar sem fenginn var löglegur dómari, börnin fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna og endað var með grillpartýi. Þetta var hin besta skemmtun og höfðu allir gaman af bæði börn og fullorðnir.

Fjórðungsmót Vesturlands var haldið um mánaðarmót júní-júlí í samstarfi við hin hestamannafélögin á Vesturlandi, Skugga, Glað, Snæfelling og Dreyra. Eins og undanfarin Fjórðungsmót var Skagfirðingum og Húnvetningum boðin þátttaka sem þeir þáðu. Mikil vinna er við framkvæmd svona stórmóta en í framkvæmdanefnd af okkar hálfu störfuðu Berglind Ragnarsdóttir og Haukur Bjarnason. Berglind sá m.a. alfarið um bókhald og uppgjör á mótinu en hafi þau bæði þakkir fyrir mjög gott starf. Mótið sem slíkt gekk vel, veður var gott og hestakosturinn þannig að Vestlendingar geta verið stoltir af. Aðsókn að mótinu var þó langt undir væntingum og ýmislegt við framkvæmd mótsins sem betur hefði mátt fara en fer í reynslubankann. Niðurstaðan var sú að Faxi situr uppi með stórt tap af mótinu eins og kemur fram í reikningum.

Faxagleðin var haldin á Stóra Kroppi í ágúst í blíðskaparveðri. Þátttakan var mikil og stemningin góð líkt og vant er. Eins og verið hefur var bæði firmakeppni og kappreiðar og endað með grillveislu í skemmunni hjá Bryndísi.

Ársskýrsla Badmintondeildar Skallagríms 2017

Stjórn
Sigríður Bjarnadóttir
Þjálfari deildarinnar á vorönn 2017 var Helgi Magnússon og Sigríður Bjarnadóttir og á haustönn Pontus Rydström, Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, Úlfheiður Blöndal og Sigríður Bjarnadóttir.

Starf deildarinnar hefur verið með hefðbundnu sniði og undanfarin ár. Þó urðu breytingar í þjálfaramálum en Helgi Magnússon hætti þjálfun eftir margra áratuga starf innan hreyfingarinnar og eftir 10 ára starf hjá deildinni.

Badmintondeild Skallagríms þakkar honum fyrir gott samstarf í gegnum árin.

Til deildarinnar var ráðinn Pontus Rydström frá Svíþjóð. Ráðning hans var gerð í samvinnu við Badmintonfélag Akraness en þar þjálfar hann 5 daga í viku auk þess að stýra badminton vali á afreksbraut FVA. Pontus kom til landsins í nóvember en fram að þeim tíma báru þær systur Birgitta Rán og Úlfheiður hitann og þungan í þjálfun deildarinnar.

Rekstur deildarinnar hefur verið í nokkru jafnvægi en sökum stjórnar- eða manneklu þá hefur ekki reynst unnt að fara í fjáraflanir og okkar mikilvæga firmakeppni féll niður árið 2016 og 2017 en æfingagjöld og árlegir styrkir hafa náð að kljúfa þjálfarakostnað að mestu.

Svipað fyrirkomulag er og undanfarin ár en æfingar eru tvær á viku hjá yngri og eldri iðkendum og hefur iðkendafjöldi hefur verið með ágætum síðasta árið. Badmintondeildin hefur ásamt öðrum deildum Skallagríms tekið þátt í íþróttaskóla síðustu ár og hefur það komið vel út þó svo að fjöldi sé alltaf svolítið rokkandi. Iðkendur geta valið hversu margar æfingar þau velja og með því fá þau betra tækifæri til að kynnast fleiri íþróttagreinum.

Í haust var farið af stað með æfingar yfir leikskólabörnin og þeim boðið upp á æfingar 1 sinni í viku og var æfingunum skipt niður á deildir Skallagríms og er þetta annað árið sem þau mæta á miðvikudögum í hádeginu. Sigríður Bjarnadóttir hefur séð uma að taka á móti þessum spræku krökkum og er það verkefni virkilega skemmtilegt. Fjöldi barnana var að jafnaði í kringum 25 og því líf og fjör á miðvikudögum í hádeginu þar sem þau kynntust lítillega badmintoníþróttinni í gegnum leiki og æfingar.

Nokkrir einstaklingar hafa verið að sækja mót og gaman að það er áhugi hjá yngstu iðkendunum að taka þátt í B-mótum í U9 og U11 flokkum. Alls voru keppendur frá Badmintondeild Skallagríms skráðir í 4 mót utan mótaraðar BSÍ.

Ingibjörg Rósa Jónsdóttir tók þátt í flestum mótum innan mótaraðar Badmintonsambands Íslands fyrri part árs og stóð sig vel. Hún spilaði á yngra ári í sínum flokki og hún ásamt Brynjari Má Ellertsyni urðu Íslandsmeistarar í tvenndarleik í B-flokki. Á Íslandsmóti unglinga urðu þau Brynjar í öðru sæti í U17 í tvenndarleik og Inga Rósa ásamt Hörpu Kristnýju urðu einnig í öðru sæti í U17 í tvíliðaleik.

Inga Rósa tók í fyrsta skipti þátt í alþjóðamótinu Iceland International sem er stærsta fullorðins landsliðsverkefni hérlendis ár hvert. Hún stóðs sig vel þó svo að hafa ekki komist í aðra umferð í sínum greinum en mikill lærdómur. Inga Rósa var í landsliðshópi Badmintonsambands Ísland U17 ára.

Badmintonkona Skallagríms 2017 var valin Ingibjörg Rósa sem jafnframt fékk viðurkenningu frá UMSB á Íþróttamanni Borgarbyggðar á top 10.

Enn hefur ekki tekist að manna stjórn deildarinnar og eru þar af leiðandi umsvif í lágmarki. Ljóst er að starf deildarinnar gæti verið í hættu ef ekki tekst að ráða bót á því.

Ungmennafélagið Dagrenning

Starfssemi félagsins var með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu. Þorrablót félagsins var á sínum stað, tókst það ágætlega og var vel sótt að vanda. Á vormánuðum setti leikdeild félagsins upp leikritið Hafið og fékk til liðs við sig leikstjórann Höllu Margréti Jóhannesdóttur, sýningar tókust vel og voru sæmilega sóttar. Félagið hélt sumarball 16. júní og svo 17. júní var að vanda haldin bátakeppni á Grímsá og hátíðarhöld inn í Brautartungu í kjölfarið. Mikið var um viðburði hjá félaginu á árinu og má þar nefna rúlluskreytingakeppni sem haldin í ágúst og hagyrðingakvöld í október, ásamt nokkrum smærri viðburðum svo sem BarSvar, spilakvöld og leikhúsferð.

Orkan, yngri deild félagsins er heldur betur að lifna við og stóð meðal annars fyrir páskaeggjaleit, vídeókvöldi, byggingu kastala, héldu skötuveislu, jólaball o.fl.

Íþróttastarf hefur ekki verið mikið í dalnum undanfarin ár en hélt félagið þó Ármót í sundi ásamt ungmennafélaginu Íslending síðastliðið sumar og vonumst við til að ekki líði langt þar til við eigum aftur keppendur á því móti.

Hestamannafélagið Skuggi

Hestamannafélagið Skuggi
Stofnað 01. Janúar 1990
Félagar: 262

Sameining félaganna Faxa og Skugga var samþykkt á aðalfundum félaganna 30. nóvember 2017 og sameinað félag tók til starfa 16. janúar 2018.

Skýrsla stjórnar 2017.
Stjórn Hmf. Skugga, á starfsárinu 2017, sem kosin var á aðalfundi félagsins þann 06. desember 2016 var þannig skipuð:
Stefán Logi Haraldsson, form., Reynir Magnússon, varaform., Kristján Þ. Gíslason, ritari, Svanhildur Björk Svansdóttir, gjaldkeri og Sigurþór Óskar Ágústsson, meðstj.
Varastjórn hafa skipað þær: Sigríður Jóna Sigurðardóttir, Auður Ásta Þorsteinsdóttir og Erla Rún Rúnarsdóttir, en varastjórn hefur einnig verið boðuð til allra funda stjórnar.

Stjórn Skugga hefur á starfsárinu haldið 9 bókaða stjórnarfundi, auk fjölmargra óformlegra funda stjórnarmanna með nefndum félagsins og fulltrúum annarra hestamannafélaga á Vesturlandi, starfsmönnum sveitarfélagsins og fleiri aðilum er tengjast starfseminni. Einnig voru á árinu haldnir tveir félagsfundir, annars vegar vegna fjórðungsmótsins og hins vegna

vegna kynningar á sameiningartillögu, sem lögð var fyrir aðalfund félagsins. Þá hafa formaður og aðrir stjórnarmenn sótt formannafundi og sambandsþing hjá UMSB. Formaður félagsins og formaður æskulýðsnefndar sóttu formannafund hjá LH, s.l. haust og þá var formaðurinn fulltrúi félagsins á aðalfundum í hlutafélögunum Reiðhöllin Vindás ehf. og Selás ehf.

Starfsemi í nefndum var, eins og gjarnan verður, mismikið á starfsárinu og sumar nefndir félagsins hafa lítið látið til sín taka á árinu á meðan aðrar nefndir félagsins hafa haft í miklu að snúast og drifið áfram öflugt og gott starf í félaginu.

Upplýsingagjöf til félagsmanna um viðburði og starfsemina fór, sem fyrr, að mestu fram í fréttum á heimasíðu félagsins, fésbókarsíðu félagsins og með fjölpósti á netfangalista félagsins.

Mótahald var að venju nokkuð fyrirferðarmikið í starfi félagsins á starfsárinu, þetta var enn eitt mótaárið hér í Borgarnesi, með hefðbundnum innanfélagsmótum, vetrarmótum og firmakeppni – auk þess sem haldið var hér Fjórðungsmót Vesturlands, en það var þó ekki á forræði mótarnefndar félagsins en óhjákvæmilega þó inná verkefnaskrá nefndarinnar og félagsmanna Skugga að miklu leyti. Veturinn var með nokkuð hefðbundnu sniði, en þá voru haldin hefbundin þrjú KB-mót, í samstarfi við Hmf. Faxa (þar sem Kaupfélag Borgfirðinga styrkir mótahaldið myndarlega) og rann allur ágóði af því mótahaldi til rekstrarfélags reiðhallarinnar, Selás ehf.

Þegar kom fram á sumar tóku síðan sumarmótin sviðið, firmamót Skugga var haldið að venju 1. maí, Íþróttamót Skugga og Faxa var haldið 06.-07. maí og var það styrkt af Arion banka, Gæðingamót Skugga og Faxa ,sem jafnframt var úrtaka félaganna fyrir fjórðungamótið, var haldið 27. maí og var það styrkt af Lífland.

Frá Firmakeppni Skugga 2017. Pollaflokkur

Fjórðungsmót Vesturlands var síðan haldið hér í Borgarnesi, dagana 28. júní – 02. júlí og tókst framkvæmd þess með miklum ágætum og almenn ánægja með hvernig til tóks varðandi keppnina og umgjörð mótsins. Fjárhagslega hliðin heppnaðist ekki jafn vel og má segja að þar hafi margir þættir haft þar afgerandi áhrif. Framkvæmdanefndin, sem starfaði ötullega frá s.l. áramótum lagði mikinn metnað í mótshaldið og stóðu þar fremstir í flokka okkar fulltrúar, Ingi Tryggvason, sem var formaður framkvæmdanefndar og Ámundi Sigurðsson, sem var fulltrúi í framkvæmdanefndinn og síðan framkvæmdastjóri mótsins á lokametrum undirbúningstímans og yfir mótið sjálft. Það er klárlega ekki við þá að sakast þó fjárhagsdæmið hafi gengið eitthvað úr takti og áætlunum, heldur þvert á móti. Ég vil hér með færa öllum Skugga-félögum bestur þakkir fyrir þeirra vinnu við mótið og undirbúning þess, þar liggja margar vinnustundir og mikið álag.

Æskulýðsnefndin stóð að vanda fyrir fjölbreyttu starfi á árinu og stóð nefndin fyrir mörgum fjölbreyttum viðburðum á starfsárinu. Haldin voru keppnisnámskeið og almennt námskeið fyrir

byrjendur. Fram fór hin árlega páskaeggjaleit fyrir börn að 13 ára aldri, tekið þátt í þrifum á reiðhöllinni, skipulögð ferð norður í Húnavatnssýslu – sem reyndar féll niður vegna skorts á þátttöku, en svo var einnig með Æskulýðsdag Skugga, sem undirbúinn var og öðrum félögum á Vesturlandi boðið að taka þátt þar í, en eins og með norðurferðina þá varð, því miður, ekki að þeim viðburði vegna skorts á þátttöku. Í félaginu eru á milli 30 til 50 börn, unglingar og ungmenni, sem eru virk í starfinu og nýta það starf sem í boði er hjá félaginu. Knapamerkin voru á sínum stað og hófust þau að venju í Grunnskólanum s.l. haust og voru kennslustundir vikulega. Eftir áramótin hófust svo verklegir tímar, einu sinni í viku og fóru fram í reiðhöllinni. Kennari knapamerkjanámskeiðanna í ár var Þórdís Fjeldsted og voru kennd knapamerki 1, þar sem sex þátttakendur voru, knapamerki 3, þar sem einn þátttakandi var og knapamerki 4, þar sem tveir þátttakendur voru. Samtals voru því níu nemendur í knapamerkinu síðast vetur, sem er heldur færra en undanfarin ár.

Frá KB móti – tölt/fimmgangur, 08.04.2017. Kolbrún Katla og Aníta Björk á keppnishestum sínum.

Krakkarnir okkar voru síðan dugleg að taka þátt í mótum á starfsárinu og ekki annað að sjá en mikil gróska geti verið í okkar æskulýðsstarfi framundan, þó vissulega sé svolítið áhyggjuefni að færri keppendur eru nú í þessum yngri flokkum, en mörg undanfarin ár. Æskulýðsnefndin hefur útbúið myndarlega og metnaðarfulla ársskýrslu um starfið, sem send var inn til Æskulýðsnefndar LH og vísa ég í hana með frekari útfærslu á starfinu. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu LH, undir Æskulýðsmál.

Beitarmálin hjá okkur í Skugga voru með svipuðu sniði og fyrri ár og ásókn í hagabeit samsvarandi því sem verið hefur undanfarin ár. Beitarnefndin sá um úthlutun beitarhólfanna og umsjón með þeim, sem fyrr og gekk það vel fyrir sig og tókst að útvega beit fyrir þau hross sem sótt var um fyrir.

Reiðveganefnd sá að vanda um að sækja um fjármagn til reiðvegagerðar og uppskáru á starfsárinu um 725 þúsund til félagsins af reiðvegaúthlutun Vegagerðarinnar og voru þeir fjármunir nýttir að fullu og vel rúmlega það, þar sem bókað til reiðvegaframkvæmda á árinu er um 1,1 millj. króna. Mikið starf er er ennþá framundan í reiðvegagerð hjá okkur og væri það mjög kærkomið ef meira fjármagn væri til ráðstöfunar frá ríkinu og eins mætti sveitafélagið fara að koma að þeim málum með okkur af meira afli.

Umhverfisnefnd félagsins hafði sig nokkuð í frammi í sumar með árlegum tiltektardegi í hesthúsahverfinu, gróðursetningu við heimkeyrsluna á félagssvæðið og hafði veg og vanda af því að stýra þökulagningu á nýja kynbóta-svæðið og koma þeim þökum til lífs með vökvun og þess háttar aðhlynningu. Nefndin var auk þess að ýta við félögum að fjarlægja rusl af kerruplani og rúlluplani, einhver tiltekt varð á þeim svæðum í framhaldi af því. Umhverfismálin á félagssvæði okkar eru mjög mikilvægur þáttur og þeim þurfum við væntanlega að fara að sinna á ennþá markvissari hátt, þar sem okkur á að vera mjög umhugað um að koma svæðinu okkar í sem fallegastan búning, þannig að eftir verði tekið og okkur verði þar enn meiri sómi af.

Fræðslunefnd félagsins var með nokkra starfsemi á árinu og stóð fyrir námskeiðahaldi fyrir eldri kynslóðina, knapamerki 3 þar sem sjö þátttakendur voru – stýrt af Heiðu Dís Fjeldsted, helgarnámskeið hjá Benna Líndal, þar sem þátttakendur voru 8 og síðan var Sigrún Rós með námskeið fyrir fullorðna, sem var hluti af námi hennar við Hólaskóla.

Ferðanefndin okkar átti frekar erfitt uppdráttar eins og nokkur undanfarin ár, nefndin stóð að vanda fyrir fjöruferð í Rauðanesfjörur, um páskana og síðan var áformuð síðsumarferð, en sú ferð féll niður vegna skorts á þátttöku.

Firmanefnd var gríðarlega öflug í ár og toppaði met fyrra árs í söfnun áheita fyrir firmakeppni félagsins, sem haldin var 01. maí, s.l. Safnaðist nú um 740 þúsund frá fyrirtækjum og félagsmönnum Skugga og munaði vel um þá aukningu sem orðið hefur í áheitasöfnun félagsmanna, eftir að við fórum að senda út valkvæðar kröfur á heimabanka félagsmanna.

Skemmtinefnd Skugga hélt sína aðra skötuveislu í félagsheimilinu á Þorláksmessukvöld og tókst sá viðburður einkar vel til og skilaði góðum tekjum í félagssjóð.

Kaffinefnd félagsins stóð sig enn og aftur frábærlega og skilaði góðu starfi og góðum tekjum í ár, færri mót voru haldin hjá félaginu í ár, en á fyrra ári.

Rafmagnsnefnd félagsins hafði ekki mikil umsvif á árinu en þó var lagt í örlítið viðhald og tengdist það helst framkvæmdunum við nýja kynbótasvæðið, tengingin á dómpallinum þar og björgunaraðgerðir á fjórðungsmótinu, þegar mikið álag var farið að slá út rafmagni í hverfinu. Rafmagnsnefndin hefur með höndum eftirlit með öllu rafmagni á svæðinu og þarf auk þess að sinna reglulegum álestrum og innheimtu rafmagnsgjalda.

Það er orðið mjög krefjandi spurning hvernig best verður fyrir okkur að haga þessum rafmagnsmálum í framtíðinni. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að það sé orðið tímabært að fela aðilum eins og Rarik að taka við þessari rafveitu okkar og sjá þar með um allt viðhald, nýlagnir, rafmagnsinnheimtu og fleira er lítur að þessu starfi núverandi rafmagnsnefndar. Það verður verkefni næstu stjórnar að fást við þetta, en að mínu áliti getur það ekki beðið lengi að taka þarna á málum.

Vallarnefndin sá að vanda til þess að vellirnir væru klárir fyrir mót og í góðu standi, valta og sanda o.þ.h. ásamt umhirðu á vallarsvæðinu. Miklar viðhaldsaðgerðið voru gerðar á hringvellinum fyrir fjórðungsmótið, þar sem grafa þurfti frá öllum innhringnum og laga yfirborð vallarins, sérstaklega í beygjunum. Síðan var mikið starf unnið af fulltrúum í Vallarnefnd, ásamt nokkrum öðrum félagsmönnum við að byggja upp nýja kynbótabraut og ganga frá öllu svæðinu þar í kring.

Ráðinn var vektaki til að byggja algjörlega upp nýjan kynbótavöll og umbreyta öllu svæðinu þar í kring. Borgarverk tók þetta verkefni að sér og skiluðu þeim því verki frábærlega úr hendi. Ráðist var í mun meiri framkvæmdir en fyrst var áætlað, þar sem einnig var útbúin ný vegtenging á milli Seláss og Vindáss, ofan kynbótarvallar, auk þess sem ráðist var í gerð stærðar bílastæðis ofan við félagsheimilið. Þá var keyptur nýr dómpallur við kynbótabrautina og hann lagfærður í takt við framkomnar óskir. Dómpallurinn var settur niður af nefndarmönnum og öðrum velviljuðum félagsmönnum. Þá var ráðist í stórátak við að koma svæðinu snarlega í snyrtilegt horf og keyptar þökum á allt svæðið í kringum kynbótabrautina. Vaskum flokkum félagsmanna vann baki brotnu við að koma þessum þökum niður á mettíma. Það er margt hægt að segja um allar þessar framkvæmdir á svæðinu í sumar, en ég held að verkin tali best fyrir því sem umbreyttist á svæðinu í sumar. Ég vil þó nota þetta tækifæri og þakka Vallarnefnd, undir

frábærri stjórn Simba og félag, ásamt því að þakka öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum sem komu á einn eða annan hátt að þessum framkvæmdum á svæðinu. Við vorum í miklu kapphlaupi við tímann fyrir fjórðungsmótið og alveg óhætt að segja að við höfum verði allt of værukær gagnvart þessum miklu framkvæmdum sem blöstu við og hefðum því átt að byrja þetta starf miklu fyrr, en það er nú einu sinni þannig í okkar ágæta félagi að hlutirnir hafa tilhneigingu til að ganga best undir pressu.

Húsnefnd félagsheimilis hafði hægara um sig en oft áður, en fyrirhugaðar framkvæmdir við pall austan við félagsheimilið komust ekki á dagskrá, þar sem mikið var um að vera á öðrum vígstöðum í félaginu. Húsnefndin hefur þó áfram á prjónunum áform um innan skamms tíma verði klárað að ganga frá húsinu að utan og ráðast í framkvæmdir við veglegan pall, við langhliðina að austan og ganga frá útgönguhurð úr salnum og út á pallinn.

Máni Hilmarsson, heimsmeistari ungmenna á HM2017 í Hollandi.

Máni Hilmarsson vann það einstaka afrek, af hálfu okkar Skugga-manna, í sumar að verða valinn í landsliðið í hestaíþróttum og taka þátt í Heimsmeistaramóti sem haldið var í Hollandi, s.l. sumar og gerði sér þar lítið fyrir og varð heimsmeistari í fimmgangi ungmenna, auk þess að hreppa sérstök verðlaun fyrir framúrskarandi reiðmennsku og framgöngu alla og þótti þar standa fremstur af öllum keppendum á mótinu. Þá var Máni einnig valinn efnilegsti knapi landsins á uppskeruhátíð LH í haust. Fyrir utan þetta allt stóð hann sig ávallt vel á þeim mótum sem hann tók þátt í á árinu. Stjórn Skugga óskar Mána innilega til hamingju með frábæra uppskeru á árinu og tilnefnir hann sem Íþróttamann Skugga 2017.

Starfsemin í reiðhöllinni FAXABORG var með hefðbundu sniði á starfsárinu og mikil vinna var þar innt af hendi, m.a. af hálfu okkar fulltrúar í rekstrarfélaginu. Viðburðir voru nokkrir, eins og undanfarin ár, svo sem KB Mótaröðin og Meistaradeild Vesturlands, auk fjölmargra fleiri viðburða. Dansleikur var haldinn um hvítasunnuna og tóks með miklum ágætum. Þá var á ný haldin Vesturlandssýningu í höllinni. Margt fleira mætti líklega tína til af viðburðum í höllinni og mikil traffík var þar yfirleitt um vetrartímann – en töluvert rólegra í sumar og haust, þó var höllin að sjálfsögðu nýtt á fjórðungsmótinu og eins á kynbótasýningum fyrir Vesturland, sem nú voru haldnar hér í Borgarnesi á nýju kynbótabrautinn okkar.

Nú hef ég hlaupið yfir það helsta í starfinu hjá okkar í Skugga á liðnu starfsári og reynt að koma sem flestum atriðum að, en væntanlega hefur eitthvað gleymst, sem vert hefði verið að geta um. Starfsemi félagsins hefur verið mjög öflug og góð, á árinu, að mínu mati, þó vissulega megi mikið meira gerast í einhverjum málaflokkum okkar. Ég merki góðan samhug og vilja í félagsmönnum þegar rætt er um hin ýmsu verkefni sem vert væri að taka sér fyrir hendur í félaginu og það sýndi sig vel í því mikla átaks-verkefninu okkar í sumar, við framkvæmdir á vallarsvæðinu og undirbúning og framkvæmd á fjórðungsmótinu. Okkur eru allir vegir færir ef við stöndum þétt saman og ef vilji félaganna er fyrir hendi. Sjálfboðaliðastarf eins og unnið er í þessu félagi er ekki alltaf sjálfgefið og sjálfsagt, en það er alveg magnað að upplifa hvað í félaginu leynist oft mikill framtakskraftur, þegar við viljum virkja hann, það hafa dæmin sýnt okkur undanfarin ár. Stjórn félagsins hefur vissulega ákveðnar skyldur til frumkvæðis og að drífa starfið áfram, en það er rétt að hvetja alla félagsmenn og kjörna nefndarmenn til að líta

sífellt í eigin barm og spyrja sig; Hvað get ég gert til að koma þessu eða hinu í framkvæmd fyrir félagið okkar?

Eitt af þeim verkefnum, sem ekki hefur verið minnst á í þessari skýrslu ennþá, er öll sú vinna sem átti sér stað á árinu, um undirbúning og könnun á möguleika á sameiningu hestamannafélaganna hér í Borgarfirðinum, okkar í Skugga og síðan Faxa manna. Niðurstaða úr þeirri vinnu leit dagsins ljós á haustdögum, haldinn var sérstakur kynningafundur 15. nóvember s.l. og félagsmenn áttu möguleika á að kynna sér rækilega þá greinagerð sem unnin var upp af nefndum félaganna. Kosning um sameiningu félaganna var síðan framkvæmd samhliða á aðalfundum félaganna og samþykkt hjá báðum félögum með ríkum meirihluta.

Ég vil að lokum þakka öllum félagsmönnum fyrir gott samstarf á árinu og þá vil ég þakka sérstaklega þeim fjölmörgu félagsmönnum sem starfað hafa í nefndum félagsins, eða sinnt öðrum verkefnum og óeigingjörnu sjálfboðastarfi fyrir félagið, á starfsárinu.

Vil ég því næst færa meðstjórnarmönnum mínum góðar þakkir fyrir frábært samstarf á árinu, en þau hafa að vanda verið öflug í samstarfi og lagt mikið að mörkum við starfið í félaginu okkar. Það hefur verið mér sannur heiður að vinna með þessu ágæta fólki sem setið hefur í stjórninni.

Hestamannafélagið Skuggi
Stefán Logi Haraldsson, fráfarandi formaður

Mótorsportfélag Borgarfjarðar

Aðalfundur var haldinn í mars, þar var stjórn MSB endurkjörin. Ný stjórn skipar Magnús Örn Hreiðarsson formaður, Sigurður Heiðar Sigurðsson gjaldkeri, Guðmundur Árni Hjartarsson ritari og meðstjórnendur Helgi Valur Ármannsson og Hjalti Örn Jónsson.

Starf félagsins á árinu hefur aðalega falist í því að fá úthlutað svæði fyrir starfsemi félagsins.

Félagið mun halda mun halda áfram að berjast fyrir úthlutun á svæði fyrir félagið til þess að það verði hægt að fara byggja upp íþróttir tengdar mótorsporti.

Mótorsportfélag Borgarfjarðar

Magnús Örn Hreiðarsson, formaður

Ungmennafélagið Íslendingur

Á aðalfundi ungmennafélagsins árið 2017 var kosin ný stjórn. Sigurður Guðmundsson tók við formennsku, Ingibjörg Reynisdóttir var kosin gjaldkeri og Guðni Páll Sæmundsson var kosinn ritari.

Nokkrir stjórnafundir voru haldnir of fóru flestir þeirra fram á samfélagsmiðlum. Helsti miðillinn til að koma fréttum til félagsmanna var í gegnum fésbókarsíðu félagsins en einnig var notaður póstlisti sem nær yfir allt svæði félagsins. Haldin var fundur í Hreppslaugarnefnd til að fara yfir komandi sumar og þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru.

Æfingar sumarsins

Knattspyrnuæfingar voru haldnar á Sverrisvelli í sumar. Jón Theodór sá um æfingarnar ásamt Einari Ágúst Helgasyni sem var aðstoðarþjálfari. Æfingarnar gengu vel. Áhugasamir krakkar sóttu æfingar og voru framfarir þeirra miklar. Oft er erfitt að halda úti æfingum á sumrin vegna sumarfría og því getur þátttaka á æfingar verið misgóð.

Sundnámskeið var haldið í Hreppslaug fyrir þá krakka sem byrjuðu í fyrsta bekk grunnskóla haustið 2017 og fyrir þá sem luku fyrsta bekk vorið 2017. Sólrún Halla Bjarnadóttir hefur haldið sundnámskeið nokkrum sinnum sem er afar brýnt fyrir börn á þessum aldri. Námskeiðin hafa alltaf verið vel sótt.

Frjálsíþróttaæfingar voru haldnar á Sverrisvelli í sumar undir stjórn Unnar Jónsdóttur, þjálfara. Æfingarnar voru á vegum Frjálsíþrótta félags Borgarfjarðar.

Eldri iðkendur voru duglegir að hittast og fóru í knattspyrnu einu sinni í viku allt sumarið.

Hreppslaug

Í ljósi þess hve miklar framkvæmdir voru við Hreppslaug sumarið 2016 var ekki þörf á miklum framkvæmdum árið 2017. Helstu framkvæmdir fólu í sér að þrífa laugina og laugarhúsið. Laugin var opnuð 1. júní sem er góður tími til að opna en lauginni var lokað í lok ágúst. Tveir starfsmenn voru ráðnir til starfa allt sumarið, þau Magdalena Sigurðardóttir og Hlynur Sæmundsson. Skiptu þau vikum á milli sín og sáu einnig um þrif á mánudögum. Undafarin ár hafa sjálfboðaliðar annast þrif. Anna Sigríður Hauksdóttir sá kom einnig inn til afleysinga þegar á þurfti að halda. Aðsókn í laugina var misjöfn og helst í hendur við veðurfarið. Á góðum

sumardögum er margt um manninn en þegar veður er vont er aðsókn lítil. Rekstur laugarinnar fer því að vissu leyti eftir veðri. Sumarið gekk nokkuð vel og var aðsókn með ágætum.
Ljóst er að komið er að miklu viðhaldi á laugarhúsinu og þarf að mynda stefnu varðandi næstu skref í þeim efnum.

Jónsmessuhátíð

Jónsmessuhátið var haldin í 51. sinn á Mannamótsflöt þann 23. júní. Þessi hátíðarhöld hafa fastan sess í starfi félagsins og þátttakan er góð á hverju ári. Farið er í leiki eins og reiptog, hlaupið í skarðið og spretthlaup. Vesturlandsskógar gáfu félaginu tré til að færa nýjum félagsmönnum en þeir eru formlega boðnir velkomnir á Jónsmessuhátiðinni. Grillaðar voru pylsur fyrir alla og fóru allir glaðir heim eftir vel heppnaða og skemmtilega kvöldstund.

17. júní hátíð

Félagið hefur staðið fyrir 17. júní hátíðarhöldum á Hvanneyri síðan 2006. Lagt er af stað kl.11:00 frá Sverrisvelli og gengið út í skjólbeltin með fána þar sem farið er í leiki. Stórt grill er á staðnum sem gestir geta nýtt sér. Sem fyrri daginn var mætingin góð í ár og fólk naut þess að eiga notalega stund saman.

Ármót í frjálsum

Fjöldi krakka tóku þátt í Ármótinu sem haldið var í Borgarnesi þann 21. júlí. Gaman er að segja frá því að UMF. Íslendingur vann stigakeppnina enda glæsilegur hópur ungmenna sem tók þátt.

Hreppslaugarhlaup

Hreppslaugarhlaupið var haldið í fimmta sinn í ár og var þónokkuð af hlaupurum sem tóku þátt í ár. Hlaupið var seinna í ár en undafarin ár. Hlaupið hefur alltaf verið haldið fyrir Reykjavíkurmaraþon en því miður náðist það ekki í ár. Því var hlaupið haldið eftir það eða þann 31. ágúst. Varð það til þess að færri hlauparar tóku þátt en undafarin ár. Þrátt fyrir það voru allir sáttir og glaðir með hlaupið. Að loknu hlaupi fóru flestir í sund og gæddu sér á gómsætri súpu og brauði.

Sverrismót

Sverrismótið í knattspyrnu var haldið í sjöunda sinn á Hvanneyri þann 3. september 2017. Mótið er haldið til minningar um Sverri Heiðar Júlíusson knattspyrnuþjálfara og Hvanneyring. Ágóðinn af söfnuninni verður notaður til uppbyggingar á Sverrisvelli og til áhaldakaupa. Fjöldi liða tóku þátt, en á Sverrismóti er aðalatriðið að hafa gaman.

Dósasöfnun / Svartakusa
Dósasöfnun hefur farið fram reglulega með góðum árangri til fjáröflunar. Frábært er hvað íbúar eru duglegir við að fylla svörtu kusu og styrkja um leið ungmennafélagið. Íbúar er hvattir að halda áfram að fylla kusuna reglulega.

Ármót í sundi
Það kom í hlut Umf. Íslendings að halda Ármót í sundi árið 2017. Mótið var haldið í samvinnu við Umf. Dagrenningu. Mótið var haldið í Hreppslaug og tóku margir krakkar þátt. Reykdælir unnu stigakeppnina en allir skemmtu sér konunglega.

Knattspyrnuæfingar veturinn 2017
Knattspyrnuæfingar voru haldnar á Sverrisvelli en færðust svo á sparkvöllinn eða inn í íþróttahús. Góð þátttaka var á æfingum en Þuríður Lillý Sigurðardóttir sá um þær.

Hreyfivika UMFÍ
Við tókum þátt í hreyfiviku UMFÍ. Meðal annars var boðið upp á skriðsundnámskeið í Hreppslaug eitt kvöldið. Í lokin var tekin slökun í lauginni sem allir kunnu vel að meta. Við fengum einnig Sigurjón Einarsson til að vera með fuglafræðslu fyrir áhugasama. Byrjað var að skoða myndir af fuglum sem Sigurjón hefur tekið myndir af inni í Skemmunni. Að svo búnu voru fuglar skoðaðir í nágrenni við Hvanneyri. Þarna komu saman ungir og aldnir til að fræðast meira um fuglalífið í sveitinni og ekki mátti annað sjá en að fólki hafi líkað kynningin vel.

Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands
Við tókum þátt í verkefni á vegum Ferðafélags Íslands sem bar heitið Lýðheilsugöngur. Skipulagðar voru göngur alla miðvikudaga á sambandssvæði UMSB í september. 20. september var farið í sögugöngu á Hvanneyri þar sem Bjarni Guðmundsson leiddi gönguna og fræddi viðstadda um staðinn og staðarbúa fyrr og nú.

Gamlársbrenna
Félagið stóð fyrir áramótabrennu við Tungutúnsborg rétt sunnan við þéttbýlið. Brennan tókst sérlega vel og mætingin var góð. Til að gæta fyllsta öryggis var slökkviliðsbíll á staðnum.

Íþróttahúsið á Hvanneyri
Ungmennafélagið sér um úthlutun æfingatíma og aðgengi að leikfimishúsi Landbúnaðarháskóla Íslands samkvæmt samningi við LBHÍ frá árinu 2005. Tilgangur þess er að tryggja félögum aðgang að húsinu utan hefðbundinna æfingatíma.

Blakdeild Hvannanna
Hópur félagskvenna hefur verið virkur í blakdeild Hvannanna síðastliðið ár. Hópurinn tók í fyrsta skipti þátt í Íslandsmeistaramóti BLÍ veturinn 2016 - 2017. Hvannirnar halda æfingar tvisvar í viku og þjálfaði Sólrún Halla þær vorið 2017. Haustið 2017 tóku Unnur Jónsdóttir og Aðalheiður Kristjánsdóttir við taumunum. Hvannirnar eru aftur nú í vetur á Íslandsmeistara mótinu.

Annað
Hvanneyrarhátíð var haldin þann 9. júlí síðastliðinn. Ungmennafélagið tók þátt í undirbúningi og hátíðarhöldum með því að lána leiktæki sem börn og fullorðnir fengu að prófa á hátíðinni. Einnig tók félagið að sér fjáröflun sem fólst í að þökuleggja garðinn hjá Magnúsi B. Jónssyni.

Fyrir hönd stjórnar

Sigurður Guðmundsson formaður Umf. Íslendings

Ungmennafélag Reykdæla

Stjórn félagsins, kosin á aðalfundi UMFR þann 7. mars 2017.

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir, formaður

Þórhildur María Kristinsdóttir, varaformaður

Þórður Eiríksson, ritari

Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir, gjaldkeri

Rósa Vigdís Arnardóttir, meðstjórnandi

Kristrún Snorradóttir, varamaður

Ingimundur Jónsson, varamaður

Íþróttastarf

Íþróttastarfið var mjög blómlegt árið 2017 en UMF Reykdæla stendur fyrir æfingum fyrir börn 6 -16 ára. Boðið var upp á æfingar í fótbolta og sundi hjá öllum árgöngum og körfubolti frá 3. bekk. Einnig var starfræktur frístunda- og íþróttaskóli fyrir börn í 1-4. bekk á skólatíma sem hefur gefið mjög góða raun. Yfir sumarið var boðið upp á að stunda æfingar í júní, sund, fótbolta og körfubolta. Félagið bauð einnig upp á sundnámskeið fyrir börn 3-6 ára sem haldið var í júlí. Um haustið fóru af stað æfingar í körfu, sundi og fótbolta ásamt íþróttaskóla en einnig var boðið upp á borðtennis.

Laugardaginn 20. janúar 2018 voru veitt verðlaun fyrir íþróttamann Reykdæla fyrir árið 2017 og var Bjartmar Þór Unnarsson kjörinn íþróttamaður UMFR. í 2. sæti var Benjamín Karl Styrmisson og í því þriðja var Lisbeth Inga Kristófersdóttir. Veitt voru verðlaun fyrir mestu framfarir á árinu í fótbolta, sundi og körfubolta.

Þorrablót

Þorrablót Ungmennafélags Reykdæla var haldið þann 4. febrúar í Logalandi. Veislustjóri kvöldsins var Jón Eyjólfsson, Galitó sá um þorramatinn og hljómsveitin Úlfarnir lék fyrir dansi. Skemmtiatriði komu frá heimamönnum og veislustjóra og varð þetta hin besta skemmtun.

Leikstarf

Ekki var sett upp leikrit að þessu sinni á árinu 2017 þar sem fyrirhugað var að setja upp afmælissýningu í tilefni af 110 ára afmæli félagsins árið 2018. Leiknefnd hóf störf síðla sumars, margar hugmyndir er á borðinu en ekki er búið að taka ákvörðun hvers konar verkefni verður fyrir valinu. Leikstarfið hefur verið öflugt og er kjarni starfsins borinn uppi af félögum sem hafa sinnt leikstarfinu í marga áratugi.

Fjölskylduferð

Félagið stóð fyrir fjölskylduferð á skíði í Bláfjöll dagana 21.-23. apríl en Þórhildur María okkar félagi átti hugmynd að þessari ferð. Hún kemur úr mikilli skíðafjölslyldu og reifaði hún þá hugmynd hvort félagið væri ekki til í það að skipta á húsi við skíðadeild ÍR sem á skíðaskála á suðursvæðinu á Bláfjallarsvæðinu sem heitir Hengill. Þeir sem fóru skemmtu sér konunglega, veðrið var hið besta og fannst fólki tilvalið að gera þetta að árlegum viðburði.

17. júní

Að venju var 17. júní haldinn hátíðlegur. Riðið var til messu þar sem séra Geir Waage þjónaði fyrir altari. Að henni lokinni var haldið í Logaland þar sem boðið var upp á hangikjöt ásamt meðlæti. Í Logalandi fór fram hátíðardagskrá með ræðu fjallkonunnar og veitt voru verðlaun til þeirra íþróttamanna sem hafa mætt vel á æfingar í vetur. Að lokum fóru hátíðargestir út í garð, fullorðnir sem börn tóku þátt í hinum ýmsu leikjum, bæði hefðbundnum og óhefðbundnum og að sjálfsögðu mætti karamelluflugvélin á svæðið og dreifði hlassi af karamellum til gesta.

Yngri deildin

Starf Yngri deildar Ungmennafélags Reykdæla hefur heldur dregist saman þar sem börn og unglingar hafa nú aðgang að fjölbreyttu félags- og íþróttastarfi hér á Borgarfjarðarsvæðinu. Einn viðburð héldu þau og það er grímuball á öskudeginum fyrir börn á leik-og grunnskólaaldri. Mæting var góð, farið var í hina ýmsu leiki, kötturinn sleginn út tunnunni og verðlaun veitt fyrir frumlega og flotta búninga.

Skógræktin

Skógræktarnefnd hefur verið ötul við að gera Logalandsskóg að áhugaverðum kosti til útivistar með því að fjölga skógarstígum og látið saga út listaverk úr timbri þar sem grisjun hefur átt sér. Smíðaðir voru bekkir og borð en félagið hefur hlotið styrk úr umhverfissjóði UMFÍ til þeirrar vinnu. Í sumar stóð nefndin fyrir tiltektardegi í skóginum og var fámennt en góðmennt. Nefndin er full eldmóðs og verður gaman að fylgjast með vinnu hennar í þágu skógarins á komandi árum.

Markaðir

Undanfarin ár hefur félagið tekið þátt í sveitamörkuðum sumarsins og jólamarkaði sem hafa verið í Nesi. Félagið var með vöfflusölu og var það ágætis fjáröflun en s.l. sumar höfðu félagsmenn ekki tök á því að sinna þessu. Vonandi náum við að vera með á komandi sumri.

Kvöld skemmtun

Ungmennafélagið fór þá vegferð að fá skemmtikraftana Guðna Ágústsson og Jóhannes Kristjánsson með sýninguna Eftirherman og orginalinn 23. nóvember. Mæting var með besta móti og kom fólk um langan veg til að sjá þessa einstöku sýningu. Í kaffihléi var félagið með kaffihlaðborð sem reyndist góð fjáröflun fyrir félagið.

Gleðifundur
Árshátíð félagsins heitir Gleðifundur og var hann haldinn 26. nóvember þar sem hefbundin Gleðifundarstörf fóru fram, gamanmál og dans. Hljómsveitin Meginstreymi lék fyrir dansi fram á nótt. Fundurinn var sæmilega sóttur.

Skötuveisla
Hin árlega skötuveisla var haldin 20. desember. Boðið var upp á kæsta skötu, saltfisk, hamsatólg, kartöflur, soðið grænmeti og heimabakað rúgbrauð. Nefndin sá til þess ásamt reyndum skötusérfræðingi félagsins að framreiða góða veislu þar sem allir gestir nutu góðs matar og samveru rétt fyrir jól.

Áramótabrenna
Ungmennafélagðið hefur sé um áramótabrennu á Tíðamelnum við Reykholt til margra áratuga á Gamlársdag. Blysför var frá kirkjunni í Reykholti kl. 17. Brennan var með stærra móti þar sem ekki náðist að kveikja í henni á árinu á undan vegna bleytutíðar. Mannmargt var við brennuna, sungnir voru áramótasöngvar og að vanda gladdi Björgunarsveitin Ok brennugesti með flugeldasýningu.

Logaland
Ungmennafélag Reykdæla á og rekur félagsheimilið Logaland þar sem meginstarfsemi félagsins fer fram. Húsið er leigt undir ýmsa viðburði, ættarmót og fleira.

Íslandi allt

Fyrir hönd Reykdæla

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir.

Knattspyrnudeild Skallagríms 2017

Í þessari stuttu skýrslu verður gerð grein fyrir helstu verkefnum knattspyrnudeildar Skallagríms á árinu 2017 og hvernig starfsemin gekk fyrir sig.

Almennt um starf deildarinnar

Aðalfundur knattspyrnudeildar Skallagríms 2017 fór fram í aprílmánuði. Á fundinum var kosinn stjórn deildarinnar og skipuðu hana eftirtaldir aðilar:

- Formaður: Páll S. Brynjarsson
- Ritari: Hjalti R. Benediktsson
- Gjaldkeri: Finnbjörn Ólafsson
- Meðstjórnendur; Jón Arnar Sigþórsson, Kristján Finnur Kristjánsson, Oddný Böðvarsdóttir og Haukur Þórðarson

Í árinu voru stofnuð meistaraflokksráð og yngriflokkaráð. Jón Arnar stýrði meistaraflokksráði og með honum í ráðinu voru þeir Kristján Finnur og Haukur Þórðarson. Oddný Böðvarsdóttir

stýrði yngriflokkaráði og með henni voru þau Hrafnhildur Tryggvadóttir og Gunnar Scott. Viktor Már Jónasson hóf störf sem framkvæmdastjóra 1. janúar 2017.

Á aðalfundinum kom fram að rekstur deildarinnar skilaði tekjuafgangi árið 2016 upp á tæpar 6,5 m.kr. og að fjárhagsstaðan væri traust. Það er hins vegar ljóst að reksturinn hefur verið þyngri á árinu 2017 og mun skila tapi þannig að gengið verður á handbært fé deildarinnar.

Meistaraflokkur Skallagríms

Eins og undanfarin ár lék meistaraflokkur karla hjá Skallagrími í 4. deild. Æfingar hófust í janúar undir stjórn þeirra Viktors Más Jónassonar og Sölva Gylfasonar, en Yngvi Borgþórsson þjálfari kom til starfa í marsmánuði. Liðið spilaði í Lengjubikar KSÍ í mars og apríl og endaði á því að spila úrslitaleik í C-deild, en tapaði naumlega fyrir Álftanesi. Í bikarkeppni KSÍ féll lið Skallagríms út í fyrstu umferð eftir 3-1 tap fyrir þriðjudeildarliði Berserkja. Íslandsmótið hófst síðan í lok maí og lauk keppni í okkar riðli 4.deildar seinni hluta ágústmánaðar. Liðið var lengst af sumri í hörkubaráttu um að komast í úrslit og var ljóst að fyrir síðasta leik myndi okkur duga jafntefli til að komast í úrslitakeppnina. Því miður gekk það ekki upp og lið Skallagríms endaði því aðeins einu stigi frá sæti í úrslitakeppninni. Alls léku 27 leikmenn með liðinu í Íslandsmóti. Það sem skiptir mestu máli í dag er að ná að búa til fastan kjarna sem ber liðið uppi og skapa meiri stöðuleika til þess að við náum frekari árangri og komumst upp um deild.

Yngri flokkar Skallagríms

Starfsemi yngri flokka Skallagríms gekk almennt vel á árinu 2017. Um 160 iðkendur hafa mætt á æfingar hjá okkur á árinu og hefur okkur að undanförnu tekist að fjölga þeim. Hópur af vel menntuðum og hæfileikaríkum þjálfurum komu að þjálfun yngri flokka á árinu.

Yngstu iðkendur í 6 og 7 flokki stráka og stelpna tóku þátt í ýmsum mótum árið 2017 og stóðu sig vel og voru félaginu til sóma. Í 5 flokki stráka og stelpna tókum við þátt í Íslandsmóti og 4. flokkur stráka tók einnig þátt í Íslandsmótinu. Í 4 flokki stúlkna voru við í samstarfi við ÍA og spilaði sameiginlegt lið þessara félaga í Íslandsmóti. Í 3 flokki karla vorum við í samstarfi við Fram og var spilað undir merkjum Fram-Skallagríms og má geta þess að A-liðið varð í fjórða sæti í efstu deild Íslandsmótsins í þriðja flokki og í öðru sæti í Reykjavíkurmótinu. Samstarfið við Fram var okkur mjög gagnlegt og að mörgu leyti vel heppnað, en samt sem áður var ákveðið haustið 2017 að taka upp aukið samstarf við ÍA. Sumarið 2018 munu ÍA og Skallagrímur senda sameiginlegt lið til keppni í 3 og 4 flokki stelpna og 3 flokki karla. Það skiptir okkur miklu máli að geta boðið ungmennum sem æfa með Skallagrími upp á samstarf sem þetta, en með því tekst okkur að bjóða þeim upp á að keppa með 11 manna liðum auk þess sem þau geta æft yfir vetrartímann við frábærar aðstæður, en þau æfa tvisvar í viku yfir vetrartímann á Akranesi og tvisvar í Borgarnesi. Loks má geta þess að við höfum verið með æfingar einu sinni í viku fyrir börn á leikskólaaldri í samstarfi við UMSB og leikskólanna, auk þess sem við höfum komið að æfingum fyrir önnur íþróttafélög í Borgarbyggð í samstarfi við UMSB .

Á árinu 2017 var leikmaður úr Skallagrími valinn til að spila með undir 17 ára landsliði Íslands í karlaflokki og var það í fyrsta skipti í langan tíma að leikmaður úr Skallagrími er valinn í landslið.

Það hefur því verið góður stígandi í starfi yngri flokka og ánægjulegt að krakkar utan Borgarness sækja í auknum mæli á æfingar hjá okkur og jafnvel krakkar úr öðrum

sveitarfélögum og má nefna að krakkar úr Hvalfjarðarsveit og Dalabyggð hafa verið að vaxandi mæli að æfa hjá okkur.

Lokaorð

Starf knattspyrnudeildar Skallagríms gekk um margt ágætlega á árinu 2017. Starfið er í föstum skorðum og allt utanumhald mun betra eftir að framkvæmdastjóri kom til starfa. Í upphafi árs 2018 höfum við á að skipa vel menntuðum og hæfileikaríkum þjálfurum og sennilega hefur þjálfarareynsla og menntunarstig þjálfara yngri flokka Skallagríms aldrei verið meira en nú.

Það sem skiptir orðið miklu máli er að aðstaða til knattspyrnuiðkunar í Borgarnesi yfir vetrarmánuðina verði bætt. Aðstæður hjá okkur til æfinga yfir sumarmánuðina eru mjög góðar og Skallagrímsvöllur með betri völlum landsins. Fótbolti er hins vegar íþrótt sem stunduð er allan ársins hring. Knattspyrnudeild Skallagríms hefur aðeins 4 tíma á viku til innanhússæfinga í Íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi og hefur tímafjöldi aldrei verið minni en nú og sýnir svart á hvítu að húsið er allof lítið.

Skólavöllurinn við GB hentar ágætlega fyrir yngri flokkanna þegar vel viðrar og því ber að fagna að skipt verður um gervigras á vellinum sumarið 2018. Völlurinn dugir hins vegar engan veginn fyrir eldri flokka og því verða flestar æfingar frá því í september og fram í apríllok að fara fram annað hvort í Reykjavík eða á Akranesi. Þetta er mjög bagalegt, auk þess sem kostnaður vegna vallarleigu hleypur á hundruðum þúsunda. Stjórn UMSB hefur skipað vinnuhóp til að hefja undirbúning að byggingu fjölnota íþróttahúss og er mikilvægt að vinna hópsins leiði til þess að sem fyrst verði hafist handa við byggingu slíks húss því þörfin er afar brýn.

Stjórn knattspyrnudeildar Skallagríms vill að lokum þakka iðkendum og öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar fyrir vel unnin störf á árinu 2017. Sérstaklega viljum við þakka þjálfurum og iðkendum fyrir gott starf og foreldrum fyrir ánægjulegt samstarf. Það er von okkar að árið 2018 skili okkur góðum árangri og verði til þess að treysta enn frekar grunninn að árangursríku starfi Skallagríms.

Körfuknattleiksdeild Skallagríms

Ársskýrsla starfsársins 2017

Stjórn körfuknattleiksdeildar var þannig skipuð að loknum aðalfundi vorið 2017:

Eftir breytingu á stjórnskipulagi deildarinnar sem gerð var vorið 2016 er skipulag á stjórn deildarinnar þannig að kosin er þriggja manna aðalstjórn og síðan kosið í þrjú ráð sem eru yngri flokka ráð, meistaraflokksráð kvenna og meistaraflokksráð karla, þessar stjórnir og ráð eru þannig skipuð:

Aðalstjórn: Bjarki Þorsteinsson formaður, Ólafur K. Kristjánsson gjaldkeri og Ómar Örn Ragnarsson ritari.

Yngri flokka ráð: Kristinn Sigmundsson formaður, Íris Gunnarsdóttir, Kristín Amelía Þuríðardóttir, Eðvar Ólafur Traustason og Einar Árni Pálsson.

M.fl.ráð kvenna: Ámundi Sigurðsson formaður, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Kristín Jónsdóttir, Ásmundur Einar Daðason og Gauti Sigurgeirsson.

M.fl.ráð karla: Arnar Víðir Jónsson og Flosi Sigurðsson eru í forsvari, Þorsteinn Guðmundur Erlendsson, Skúli Guðmundsson, Halldór Óli Gunnarsson og Eiríkur Theódórsson.

Hér á eftir fylgir greinargerð um starf síðasta árs og markmið næsta tímabils.

Innan Körfuknattleiksdeildarinnar starfar fjöldi manns bæði við leik og störf. Um er að ræða áhugamannasamtök þar sem unnið er í sjálfboðavinnu fyrir utan að þjálfarar eru ráðnir til starfa. Á undanförnum árum hefur iðkendum fjölgað mikið og eru iðkendur nú tæplega 200, frá 6 ára aldri og langleiðina að sjötugu, þetta viljum við þakka metnaðarfullum áherslum í starfsemi deildarinnar og ráðningu yfirþjálfara yngriflokka sem heldur utanum og samræmir allt starf yngriflokka deildarinnar. Körfuknattleiksdeild Skallagríms er fyrirmyndarfélag ÍSÍ frá því árið 2015.

Yngri flokkar

Eins og oft hefur komið fram þá hefur körfuknattleiksíþróttin borið orðspor sveitarfélagsins víða. Góður árangur Skallagríms hefur vakið athygli og sveitarfélagið fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum vegna þess.

Í vetur hefur Skallagrímur verið með flokka í yngri deildum á Íslandsmóti og unga fólkið staðið sig gríðarlega vel. Það hefur verið stjórn mikið áhyggjuefni undanfarin ár hversu fáar stúlkur skila sér úr hverjum árgangi í íþróttagreinina en þar hefur nú orðið nokkur breyting á og er það mikið gleðiefni en samt er enn nokkur meirihluti iðkenda drengir, viljum við áfram leggja kapp á að fá til liðs við okkur fleiri stúlkur í körfuboltann

Mikið er um keppnisferðir og mótahald hjá svona stórum hópi iðkenda og hafa verið mót nánast allar helgar frá upphafið keppnistímabilsins hjá einhverjum aldurshópi og gaman að sjá hversu margir eru tilbúnir að leggja fram starfskrafta sína svo allt gangi upp bæði við ferðalög og skipulagningu móta hér heima.

Stjórn deildarinnar hefur eins og áður segir lagt mikið kapp á uppbyggingarstarf og eflingu yngri flokka. Í ljósi þeirrar stefnu þá má geta þess að þjálfarar yngriflokka sækja reglulega þjálfaranámskeið og eru duglegir að fylgjast með þróun á þessum vettvangi. Yfirþjálfari yngri flokka körfuknattleiksdeildar Skallagríms er Pálmi Þór Sævarsson.

Þáttökugjöld í íslandsmótum eru alfarið greidd af körfuknattleiksdeildinni.

Jafnréttismál

Mikil áhersla hefur jafnan verið lögð á jafnréttismál í körfuknattleiksdeild og liðum karla og kvenna gert jafn hátt undir höfði þegar bæði lið hafa verið skráð í íslandsmót. Gætt hefur verið jafnræðis varðandi auglýsingar fyrir leiki meistaraflokka, aðgangssölu á leiki og umfjöllun á heimasíðu Skallagríms.

Fjármál/Fjáraflanir

Körfuknattleiksdeildin hefur haft mestar tekjur sínar af auglýsingasamningum við fyrirtæki og sölu aðgangsmiða og ársmiða á leiki mfl. karla og kvenna. Auk þess hefur verið fitjað uppá ýmsum nýjungum í starfi deildarinnar til fjáröflunar og fjölbreytni.

Meðal helstu fjáraflana/verkefna sem körfuknattleiksdeild hefur staðið fyrir:

Þorrablót – frá febrúar 2009 og árlega síðan.

Nytjamarkaður – Opinn flesta laugardaga frá júní lokum 2009. Stjórn og foreldar í afgreiðslu.

Heimilisvörur sala – frá 2009 gengið í hús og selt og síðar í fyrirtæki og á nytjamarkaði. Leikmenn meistaraflokka og á nytjamarkaði. Ársreikningar deildarinnar fyrir undangengin rekstrarár sýna að það er mun umfangsmeiri rekstur þegar félagið á úrvalsdeildarlið, hvort sem er í kvenna- eða karlaflokki, er sá rekstur mun kostnaðarsamari en rekstur 1. deildarliðs, rekstur deildarinnar er nálægt því að vera í jafnvægi, þökk sé mikilli og óeigingjörnu starfi stuðningsfólks og góðum stuðningi fyrirtækja.

Fjárhagslegar áherslur:

- Fjármál yngri flokka og meistaraflokka séu áfram aðskilin.
- Yngri flokka ráð heldur utanum starfsemi yngri flokka, fjármál og mótahald.
- Meistaraflokksráð heldur utanum starfsemi meistaraflokka karla og kvenna, fjármál og mótahald.
- Stjórn körfuknattleiksdeildar í heild sinni heldur utanum sameiginleg verkefni deildarinnar, faglegar áherslur, sameiginleg fjármál deildarinnar og sérstakar fjáraflanir.
- Áhersla verður lögð á að halda rekstri í jafnvægi og efla áfram yngri flokka.
- Hófs verður gætt í öllum rekstri og langtímamarkmið skoðuð reglulega.

Faglegt starf Körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Yngri flokkar.

- Yngri flokka starf deildarinnar sé öflugt eins og mörg undanfarin ár, þó er mismunandi hversu margir einstaklingar skila sér til æfinga úr einstaka árgöngum. Stefnt er að því að fjölga iðkendum áfram á næsta tímabili en þó ber að nefna að takmarkaður tími í íþróttasal er töluverð hindrun í yngriflokkastarfi deildarinnar.

Faglegar áherslur næsta tímabils:

- Höldum áfram með starf yfirþjálfara yngri flokka. Heldur hann utanum aukaæfingar í sumar fyrir þá sem vilja og undirbúning næsta tímabils.
- Foreldrahandbók kynnt reglulega fyrir iðkendum og foreldrum.
- Lögð verður áhersla á þjálfaramenntun og þjálfarar studdir til þess að sækja þjálfaranámskeið.
- Markmið deildarinnar er að skrá sem flesta yngri flokka í mót næsta haust.
- Gjaldskrá verður stillt í hóf. Veittur er systkinaafsláttur, 50% fyrir annað systkini þriðja gjaldfrítt.
- Að körfuknattleiksdeild Skallagríms verði til fyrirmyndar hvað varðar faglegt starf, rekstur og þjálfaramál yngri flokka.
- Að öll framganga yngri flokka körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.
-

Meistaraflokkar.

- Meistaraflokkur kvenna leikur í úrvalsdeild, vann sér sæti þar vorið 2016, og er nú í harðri baráttu um að tryggja sér sæti í úrslitakeppni deildarinnar, þjálfari liðsins er Ari Gunnarsson.
- Meistaraflokkur karla leikur í 1.deild eftir að hafa fallið úr úrvalsdeild vorið 2017, liðið er nú í harðri baráttu um að tryggja sér sæti í úrvalsdeild að nýju. Mfl. karla er eins og s.l. ár með ungt lið ásamt nokkrum reynsluboltum, þjálfari liðsins er Finnur Jónsson.

Faglegar áherslur næsta tímabils:

- Að utanumhald æfinga og leikja verði gert fagmannlega og með sóma.
- Að halda vel utanum leikmenn meistaraflokkana innan vallar sem utan.
- Að mfl. karla og kvenna verði samkeppnishæf í sínum deildum.
- Að efla áhuga almennings á íþróttinni.
- Að leikmenn meistaraflokka Körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.Að lokum vill undirritaður þakka öllu því góða fólki sem að starfi körfuknattleiksdeildar Skallagríms hefur komið. Á þá jafnt við um stjórnarfólk, starfsmenn í kringum leiki og mót og alla þá sem að fjáröflunum og öðru starfi hafa komið.

Borgarnesi 23. febrúar 2018
f.h. stjórnar körfuknattleiksdeildar Skallagríms
Björn Bjarki Þorsteinsson
Formaður

Umf. Björn Hítdælakappi

Félagið hélt formannafund fyrir umsb í Lyngbrekku.

Félagið hélt Boðsskemmtun 7. apríl í samstarfi við Kvenfélag Hraunhrepps.

Gerður var húsaleigusamningur til 3 ára við leikdeild Skallagríms um Lyngbrekku.

Farið var með dósatunnuna að Hítarvatni í byrjun sumars.

Félagið stóð fyrir leikjakvöldum á miðvikudagskvöldum frá 28. júní til 16. ágúst alls 8 skipti. Þetta heppnaðist mjög vel og þar sem allur aldur skemmti sér saman í leikjum og fótbolta.

Líkt og undanfarin ár var ákveðið að bjóða upp á fría súpu í Hítardalsrétt.

Ungmennafélag Stafholtstungna

Aðalfundur: Aðalfundur félagsins var haldinn 21. febrúar og er núverandi stjórnarskipan þannig að Agnes Guðmundsdóttir er formaður, Auður Ármannsdóttir er gjaldkeri og Sigríður Sjöfn Helgadóttir er ritari til eins árs vegna forfalla. Ásgeir Ásgeirsson og Sigríður Arnardóttir eru varamenn. Stjórnarfundir voru fimm á árinu, auk símtala og tölvusamskipta.

Fréttabréf: Félagið gaf út eitt fréttabréf um vorið og var það sent á öll heimilin á starfssvæðinu.

Nýársbrenna: Hin árlega nýársbrenna félagsins var haldin þann 2. janúar við félagsheimilið Þinghamar. Hún var í samvinnu við bæði björgunarsveitina Heiðar sem sá um flugeldasýningu fyrir ungmennafélagið og Kvenfélag Stafholtstungna sem stóð fyrir félagsvist seinna um kvöldið.

Umhverfismál: Umhverfisdagur var 18. júní á Varmalandi, þangað mættu fáir svo þeir sem mættu urðu að brettar upp ermarnar og taka vel á því. Klipptar voru greinar og tré grisjuð, greinar dregnar út úr skóginum og allt sett í timburgám sem var á planinu. Mörg tré voru brotin og orðin hættuleg börnum við leik á svæðinu. Einnig plöntuðu ungmennafélagar nokkrum trjám við syðri endann á íþróttavellinum á Varmalandi.

Umhverfisdagur á Varmalandi

Ungmennafélagið gaf 1. bekk Varmalandsdeildar Grunnskóla Borgarfjarðar bekkjartré. Bekkurinn valdi þá tegund sem þeim fannst efnilegust. Nemendur munu síðan fylgjast áfram með vexti bekkjartrésins á meðan á skólagöngu þeirra stendur.

Íþróttir: Æfingar voru á fyrstu mánuðum ársins á skólatíma fyrir yngri meðlimi félagsins, í umsjá Þórunnar Jónu Kristinsdóttur. Yfir sumartímann voru frjálsíþróttaæfingar og knattspyrnuæfingar þar sem Ómar Ólafsson þjálfaði. Æfingar sumarsins voru vel sóttar að venju og enduðu með skemmtilegri æfingu með þátttöku foreldra.

Yngri meðlimir félagsins tóku þátt í nokkrum mótum innan héraðs sem utan. Að þessu sinni var ekkert Ármót í umsjá félagsins.

17. júní hlaupið, 600 m hlaup fyrir börn 12 ára og yngri, var haldið þann 31.maí á Varmalandi. Hlaupið er samstarfsverkefni félagsins og íþróttakennara á Varmalandi og er haldið síðasta skóladaginn ár hvert. Að þessu sinni sigraði Isaac Logi Diaz í 5. bekk.

Íþróttamaður félagsins árið 2017 var sem fyrr valinn og varð Sigursteinn Ásgeirsson hlutskarpastur í því vali. Hann var tilnefndur fyrir afrek sín í frjálsum íþróttum en hann var með besta afrekið í kúluvarpi, annað besta afrekið í spjótkasti og þriðja besta afrekið bæði í kringlukasti og sleggjukasti yfir allt landið.
Sigursteinn er mjög efnilegur og stefnir á að verða besti kastari landsins í kúluvarpi.

Hestaferð: Reiðtúr á vegum félagsins var farinn þann 5. júlí. Hópurinn hittist í Galtarholti, riðið var í gegnum námurnar og farið upp hjá Klapparholti, síðan út að Gufá en þar var stoppað og nestinu gerð góð skil.

Riðið var meðfram Gufá, í áttina að Stað, þá skelltu reiðmennirnir sér upp á veg og riðu sem leið lá að Litla-Laxholti. Endaði reiðtúrinn í Galtarholti með góðri grillveislu. Þátttaka var ágæt, 18 knapar á öllum aldri og veður gott.

Fjáröflun: Dósasöfnun hefur til margra ára verið helsta fjáröflunarleið ungmennafélagsins. Gekk söfnunin vel þetta árið en veðrið hefur mikið að
segja um það hve mikið ferðamaðurinn setur í gámana. Dósagámar merktir félaginu eru í sumarbústaðahverfi Munaðarness, við bæinn Tún og á tjaldsvæðinu á Varmalandi. Mikilvægt er að losa gámana reglulega yfir sumartímann og hafa eftirlit með losun þeirra að vetri til.

Gönguferð: Gönguferð félagsins var farin þann 20. ágúst. Gengin var verulega falleg leið við Gljúfrá.

Lagt var af stað frá afleggjarnum að veiðihúsinu við Gljúfrá. Gengið eftir nokkuð greinilegri reiðleið að Gljúfrá og meðfram henni, uppá Langadalsveginn og að rústum Gljúfrárbæjar. Framhjá þjónustumiðstöðinni Svignaskarði og enduðu göngumenn í kaffi í Hlöðutúni. Göngustjóri var Sigríður Skúladóttir.

Leikdeild: Stjórn leikdeildar skipa, Ásgeir Ásgeirsson formaður, Erla Gunnlaugsdóttir gjaldkeri og Sigurlaug Kjartansdóttir ritari. Aðalfundur leikdeildarinnar var haldinn í nóvember, einnig voru nokkrir stjórnarfundir. Leikdeildin frumsýndi gamanleikinn „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan“ eftir Marc Camoletti þann 31. mars. Leikstjóri var Hörður Sigurðarson. Leikarar voru sex í verkinu, sumir að stíga sín fyrstu spor á leiksviðinu, aðrir þaulvanir, en auk þess voru um 15 á bak við tjöldin. Leikdeildin var formlega stofnuð 3. febrúar 1977 og var því 40 ára á árinu.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum og öðrum félagsmönnum óeigingjarnt starf í þágu félagsins en án þeirra væri afar erfitt að halda félagi sem þessu virku.

F.h. stjórnar
Agnes Guðmundsdóttir

Fréttapunktar frá UMFÍ 2017

COREDATA
UMFÍ og AZAZO gerðu í janúar samning um notkun á hugbúnaðinum AZAZO CoreData til að halda utan um öll gögn hreyfingarinnar, bæta verkefnastýringu og fundarhöld. Samningurinn var gerður í framhaldi af stefnumótunarvinnu UMFÍ enda snýr hann að framtíðarsýn hreyfingarinnar. Innleiðingu á kerfinu er lokið og á nú öll skjalavinnsla sér stað í CoreData. Með kerfinu getur UMFÍ haft betri stjórn á öllum gögnum hreyfingarinnar, haft skýrari verkferla, fundarhöld verða markvissari og þekkingaryfirfærsla er tryggð. Utanumhald móta og viðburða á vegum hreyfingarinnar verður einnig auðveldara og gagnsærra. Nokkrir sambandsaðilar UMFÍ hafa þegar tekið kerfið í notkun.

Ungt fólk til áhrifa
UMFÍ leggur áherslu á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi og sterka sjálfsmynd einstaklingsins svo hann geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin lífsstíl. Dagana 5. - 7. apríl var ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði haldin í áttunda sinn á Hótel Laugarbakka í Miðfirði. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Ekki bara framtíðin - Ungt fólk, leiðtogar nútímans*. Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda að ráðstefnunni en jafnframt komu Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga (USVH), Sveitarfélagið Árborg og Húnaþing vestra að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar. Heildarfjöldi þátttakenda var um 70 manns, blanda af ungmennum á aldrinum 16 – 25 ára sem starfa í ungmennaráðum víðsvegar um landið. Næsta ráðstefna fer fram 21. – 23. mars á Hótel Borealis, Selfossi.
Haustið 2016 hlaut UMFÍ styrk frá Evrópu unga fólksins (EUF) til þess að fara af stað með verkefni undir heitinu Umræðupartý UMFÍ. Markmið og tilgangur verkefnisins er að fá fólk saman, bæði þá sem stýra og stjórna innan ungmennafélagshreyfingarinnar og ungt fólk sem starfið er hugsað fyrir. Einnig er markmið með verkefninu að gefa ungu fólki tækifæri til þess að koma sínum skoðunum á framfæri og hafa skoðun á því hvernig UMFÍ vinnur með verkefni sem hugsuð eru fyrir ungt fólk. Verkefnið stendur frá 1. ágúst 2016 til 31. júlí 2018. Næsta umræðupartý fer fram föstudaginn 2. febrúar nk. í Egilshöllinni Grafarvogi.

VORFUNDUR UMFÍ
Vorfundur UMFÍ var haldinn laugardaginn 20. maí í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli. Á fundinum flutti markþjálfinn og íþróttakennarinn Jón Halldórsson erindi um leiðtoga og sterka sjálfsmynd einstaklinga. Í erindinu sagði hann m.a. að sé vilji til þess að ná árangri sem hópur þá verði að vinna með styrkleika einstaklinga í hópnum en ekki miða út frá veikleikum þeirra. Jón lýsti því m.a. hvernig fólk leitar oftast að veikleikum sínum og reyni að vinna í því að bæta þá. Það ætti ekki að gera heldur vinna með styrkleikana.

Hreyfivika UMFÍ
Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 29. maí – 4. júní. Alls voru um 150 boðberar víðs vegar um landið sem stóðu fyrir um 490 viðburðum í 60 bæjarfélögum árið 2017. Áætlað er að um 43.000 þátttakendur hafi tekið þátt. UMFÍ hefur frá árinu 2012 tekið þátt í evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move. Hér á landi kallast herferðin Hreyfivika UMFÍ. Markmið verkefnisins er að fá hundrað miljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020.

Í Hreyfivikunni leggja áhugasamir boðberar hreyfingar sitt af mörkum í nærumhverfi sínu til að fá fólk til að hreyfa sig. Þetta leiðir til þess að margar frumlegar og óhefðbundnar leiðir eru farnar. Dæmi um þetta er, samflot á Akranesi, jarðfræðiganga, ringó í Borgarnesi, plankaáskorun, fílafótbolti og hreyfipubquiz.

Hreyfivikan fer fram dagana 28. maí – 3. júní 2018.

7. Landsmót UMFÍ 50+ í Hveragerði

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Hveragerði dagana 23. – 25. júní 2017. Mótið var haldið í fyrsta sinn árið 2011 og var þetta því sjöunda mót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri. Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) var mótshaldari.

Mótið var sett við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu í Hveragerði. Heimamenn komu fram við setninguna. Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson tók lagið og sýndi fimleikahópur listir sínar. Við setningu mótsins var keppt í línudansi. Eftirherman og skemmtikrafturinn Hjörtur Benediktsson var veislustjóri í sameiginlegum kvöldverði þátttakenda. Hljómsveitin Pass spilaði undir dansi.
Á mótinu var keppt í 18 greinum. Vinsælustu greinarnar voru sem fyrr boccía og pútt ásamt stígvélakasti. Áhorfendur höfðu mikinn áhuga á keppni í pönnukökubakstri og er dæmi um að fólk hafi komið langt að til að fylgjast með keppninni. Yngri keppendur á mótinu voru áhugasamir um throwdown, utanvegahlaup og þríþraut auk þess sem allir aldurshópar kepptu í ringó. Þátttakendur á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði voru rúmlega 500 sem er afspyrnu gott.

Stjórnendur UMFÍ á landsmóti Dana

Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Mikil samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI. Í lok júní árið 2017 fór hópur fimmtíu sambandsaðila UMFÍ og fólks tengdu UMFÍ og sveitarstjórn Skagafjarðar í nokkurra daga ferð til Álaborgar að fylgjast með landsmóti DGI. Hópurinn hafði fylgst með undirbúningi landsmóts DGI um nokkurt skeið og var tilgangur ferðarinnar að fræðast frekar um mótið, ræða við stjórnendur DGI um þætti á borð við aðkomu sveitarstjórna og sjálfboðaliða að mótinu, keppendur, tengsl DGI og skipuleggjenda mótsins

við fjölmiðla, skipulag þess og fleira sem skiptir máli við skipulagningu stórmóta. Á meðal þeirra sem fóru í ferðina voru Guðríður Adnegaard, formaður HSK, Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, og Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss.

20. Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2017. Þetta var 20. Unglingalandsmót UMFÍ. Mótshaldari var Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) og Fljótsdalshérað. Ómar Bragi Stefánsson var sem fyrr framkvæmdastjóri mótsins og sá hann um skipulagningu þess ásamt framkvæmdanefnd. Mótið var sett föstudaginn 4. ágúst á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum. Viðstaddir voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Kristján Þór Júlíusson, þá mennta- og menningarmálaráðherra. Mótinu var svo slitið á sama stað að kvöldi 6. ágúst. Keppendur voru 980 talsins á aldrinum 11 – 18 ára, 538 strákar og 442 stúlkur. Flestir keppendur voru 12 ára en fæstir 11 ára og 18 ára. Sem fyrr kepptu flestir í knattspyrnu, körfubolta og frjálsum íþróttum. Á síðasta degi mótsins var keppt í kökuskreytingum. Keppnin var nýlunda á mótinu og sló í gegn. Rúmlega 100 þátttakendur voru skráðir til keppni í kökuskreytingum.

Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ á Laugum

UMFÍ hefur starfrækt Ungmenna- og tómstundabúðir á Laugum í Sælingsdal frá árinu 2005. Síðastliðinn vetur komu 1.600 nemendur úr 8. og 9. bekk grunnskóla frá öllu landinu í búðirnar. Þetta er eilítill samdráttur á milli ára. Hann skýrist m.a. af því að nemendur sumra skóla koma stundum bæði haust og vor sama árið en úr öðrum skólum koma nemendur annað hvert ár. Öðru máli gegnir um vorönnina nú. Hvorki fleiri né færri en 53 skólar hafa bókað dvöl í búðunum og verða nemendurnir um 2.000. Þeir hafa aldrei verið jafn margir og í ár. Í Ungmenna- og tómstundabúðum UMFÍ spreyta ungmennin sig í fjölbreyttum verkefnum s.s. ræðumennsku, þrautabrautum, traustagöngu, hraðstefnumótum og laugaleikum. Í lok dvalar sögðust 91% ungmennanna hafa farið út fyrir þægindarammann og 90% töldu sig hafa fundið fyrir hvatningu frá liðsfélögum.

Forvarnardagurinn

Forvarnadagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við UMFÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Bandalags íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Árið 2017 fór dagurinn fram 4. október. Þetta var 11. árið sem forvarnardagurinn er haldinn.

ÁNÆGJUVOGIN 2017

Ánægjuvogin er könnun á vegum UMFÍ og ÍSÍ og tekur púlsinn á stöðu íþróttastarfs, ánægju iðkenda og stöðu áfengis- og tóbaksnotkunar meðal ungmenna í 8. til 10. bekk um allt land. Ánægjuvogin er unnin upp úr rannsókninni Ungt fólk sem Rannsóknir og greining gerir. Könnun Ánægjuvogarinnar var lögð fyrir alla nemendur í 8. til 10. bekk á Íslandi í febrúar 2016. Niðurstöðurnar eru að meirihluti barna, sem stunda íþróttir einu sinni í viku eða oftar, er virkur í íþróttastarfi eða öðru skipulögðu tómstundastarfi og lætur áfengi og vímuefni að mestu í friði. Því fylgir aukin lífshamingja, ánægja og betri námsárangur ungmenna.

FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Úthlutað er úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ tvisvar á ári og hefur umsóknum frá sambandsaðilum og félagum UMFÍ fjölgað verulega á milli ára. Árið 2017 var 152 verkefnum úthlutað tæpum 14,7 milljónum króna.

UMHVERFISSJÓÐUR UMFÍ
Umhverfissjóður var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason sem var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993 og ber sjóðurinn nafn hans. Veitt var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008. Fyrstu styrkirnir úr Umhverfissjóði UMFÍ voru veittir við hátíðlega athöfn í júlí árið 2008. Árið 2017 var 950.000 krónum úthlutað til átta verkefna.

SKRÁNINGARKERFIÐ NÓRI
Í maí 2017 innsigluðu UMFÍ og Greiðslumiðlun samning til fimm ára um notkunarrétt á skráningarkerfinu Nóra. Notkunarrétturinn nær til móta UMFÍ og hafa sambandsaðilar UMFÍ leyfi til að nota það. Samningurinn gerir UMFÍ kleift að skrá allt móta- og viðburðahald í framtíðinni auk þess sem sambandsaðilar UMFÍ geta fengið aðgang að kerfinu fyrir rekstur sinn. Samkvæmt samningnum mun Greiðslumiðlun, móðurfélag Nóra, hanna og skrifa skráningarkerfi fyrir landsmót UMFÍ og önnur mót og viðburði UMFÍ sem byggja á tengdum kerfum. UMFÍ notaði kerfið í fyrsta sinn á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði í júní og gerði það aftur í aðdraganda Unglingalandsmótsins.

ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN
Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagins Landsbjargar. Hlutverk Æskulýðsvettvangsins er að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi og vönduðum aðstæðum í æskulýðsstarfi.
Einelti og annars konar óæskileg hegðun er ekki liðin innan Æskulýðsvettvangsins. Því eru forvarnir og fræðsla um einelti, hatursorðræðu, ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum sem og mannréttindafræðsla á meðal verkefna Æskulýðsvettvangsins. Auk þess hefur Æskulýðsvettvangurinn unnið að því að fletta upp í sakaskrá fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða innan aðildarfélaganna og þrýst hefur verið á stjórnvöld að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þeir sem hafa gerst sekir um kynferðisbrot geti ekki starfað með börnum og unglingum. Æskulýðsvettvangurinn hélt ráðstefnuna Af hverju hataru mig svona mikið um miðjan september 2017. Ráðstefnan var vel sótt og sýndu fjölmiðlar henni mikla athygli.

OPNI HÁSKÓLINN
UMFÍ er einn af samstarfsaðilum opna háskólans um nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum. UMFÍ á einn fulltrúa í náminu. Það er Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ. Hún segir námið fróðlegt og gagnlegt fyrir stjórnendur í þriðja geiranum.

Sambandsþing UMFÍ í Hallormsstað

50. sambandsþing UMFÍ fór fram á Hótel Hallormsstað á Héraði í október 2017. Þingið fór vel fram og sátu það um 150 þingfulltrúar, stjórn UMFÍ og starfsfólk. Sambandsþing UMFÍ er haldið á tveggja ára fresti og er það æðsta valdið í málefnum UMFÍ.

Tímamót urðu á þinginu en þar skrifuðu þeir Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, undir samning um ríkisframlag til UMFÍ til næstu þriggja ára. Þetta er tímamótasamningur enda í fyrsta sinn sem

stjórnvöld semja við félagasamtök í meira en eitt ár í senn. Kristján Þór sagði í ávarpi sínu í tengslum við undirskriftina í farvatninu að gera samninga við fleiri félagasamtök til þriggja ára því það gefi þeim færi á að skipuleggja sig betur til lengri tíma.

Fréttapunktar frá ÍSÍ árið 2017

Heimsóknir forseta ÍSÍ til íþróttahéraða

Forseti ÍSÍ heimsótti á árinu 2017 starfssvæði Ungmennasambands Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN), Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH), Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) og Héraðssambands Strandamanna (HSS). Fundað var með fulltrúum sambandanna og sveitarfélaganna. Forseti ÍSÍ, ásamt föruneyti, hefur heimsótt hin ýmsu íþróttahéruð víða um land síðustu þrjú árin. Á hverjum stað hefur forsetinn fundað með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar og fulltrúum sveitarfélaga og kynnt sér íþróttastarfsemina ásamt uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Formannafundur 2017

Formannafundur ÍSÍ var haldinn þann 17. nóvember í Laugardalshöllinni. Nú var í fyrsta sinn boðað til fundarins skv. breyttum lögum ÍSÍ en á 73. Íþróttaþingi ÍSÍ í maí 2016 var samþykkt að bæta framkvæmdastjórum sambandsaðila við sem þátttakendum á fundinum. Ríflega 100 manns sóttu fundinn.Auk hefðbundinnar dagskrár fundarins lagði framkvæmdastjórn ÍSÍ fjögur mál fyrir fundinn. Þorvaldur Ingimundarson heilindafulltrúi KSÍ kynnti stöðu mála í baráttunni gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum, Vigfús Þorsteinsson formaður stýrihóps ÍSÍ og UMFÍ um Felix upplýsti fundinn um stöðuna á nýja Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni Afrekssjóðs ÍSÍ, þær breytingar sem orðið hafa á regluverkinu og þá vinnu sem framundan vegna úthlutana úr sjóðnum og Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ kynnti verkefni ÍSÍ og UMFÍ sem ber heitið Betra félag.

Heiðurshöll ÍSÍ

Á 73. Íþróttaþingi ÍSÍ þann 5. maí var Jón Kaldal frjálsíþróttamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. Á hófi Íþróttamanns ársins 2017, þann 28. desember, var Skúli Óskarsson kraftlyftingamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. Alls eru nú 17 einstaklingar í Heiðurshöllinni. Heiðurshöll ÍSÍ er á vefsíðu ÍSÍ og þar má finna umfjöllun um hvern og einn einstakling.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2017 voru 127 m.kr. en framlag ríkisins hækkaði um 30 m.kr. frá árinu 2016. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótta- og ungmennafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sérsamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2017 var 95 m.kr. en framlag ríkisins hækkaði um 10 m.kr. frá árinu 2016.

Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ

Í júlí 2016 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um stóraukið fé til Afrekssjóðs ÍSÍ. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 m.kr. í 400 m.kr. fram til ársins 2019 og er því um fjórföldun að ræða. Samningurinn er afar mikilvægur fyrir íþróttastarf í landinu enda um byltingu fyrir afreksíþróttir að ræða. Í janúar 2017 var úthlutað til sérsambanda ÍSÍ um 150 m.kr. og síðar á árinu var úthlutað 100 m.kr. til viðbótar. Miklar breytingar voru gerðar á reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ á árinu 2017 og nú er úthlutað samkvæmt nýju vinnulagi sem felur í sér aukna samvinnu ÍSÍ og sérsambanda. Nánari úthlutun má sjá á vefsíðu Afreksíþróttasjóðs ÍSÍ á isi.is en þar er sérstakt vefsvæði með upplýsingum um sjóðinn.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2017 sendi ÍSÍ þátttakendur í þrjú ólympísk verkefni. Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Erzurum í Tyrklandi 12. – 17. febrúar. Ísland átti keppendur í alpagreinum, skíðagöngu, listskautum og á snjóbrettum. Keppendur á leikunum eru á aldrinum 14 til 18 ára, þátttökuþjóðir eru 34 og þátttakendur eru um 1200.Smáþjóðaleikarnir fóru fram í San Marínó frá 29. maí til 3. júní. Tæplega 200 manns voru í íslenska hópnum, þar af 136 keppendur eða 73 karlar og 63 konur. Ísland hafnaði í 3. sæti á verðlaunatöflunni með 60 verðlaun, þar af 27 gullverðlaun. Lúxemborg trónir á toppi töflunnar með 97 verðlaun, þarf af 37 gull. Kýpur var í 2. sæti með 83 verðlaun, þar af 30 gull. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Györ í Ungverjalandi frá 23. til 29. júlí. Alls tóku 34 íþróttamenn þátt fyrir Íslands hönd, auk flokksstjóra, þjálfara, dómara og fararstjórnar.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðar og kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótta- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

Ólympíufjölskylda

Að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ standa fyrirtækin Arion banki, Icelandair, Sjóvá, Toyota og Valitor. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSÍ, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

Vefsíða og samfélagsmiðlar ÍSÍ

Slóðin á vefsíðu ÍSÍ er www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, frétta og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig á Fésbók (Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands) og Instagram og Snapchat undir isiiceland. ÍSÍ er einnig með Vimeo-síðu (https://vimeo.com/user33366809) og gefur út fréttir rafrænt á Issuu-síðu sinni (https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands).

Myndasíða ÍSÍ er sífellt í vinnslu, en þar er að finna bæði nýjar og gamlar myndir (http://myndir.isi.is/).

Felix - Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþrótta iðkendur á Íslandi. Kerfið var fyrst tekið í notkun árið 2004 og er hannað af hugbúnaðarfyrirtækinu Idega. Nýtt og endurbætt kerfi var svo tekið í notkun snemma árs 2017 en við innleiðingu kom í ljós að kerfið var í raun ekki tilbúið til notkunar. Því var farið í gagngerar prófanir á kerfinu og uppfærslur og telst kerfið nú fullbúið. Íþróttafélög innan ÍSÍ og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið í gegnum helstu vafra sem eru á markaðnum s.s. Microsoft Edge, Internet Explorer, Google Chrome og Safari. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forvarnardagurinn 2017 var haldinn þann 4. október. Lesa má meira um verkefnið á www.forvarnardagur.is

Þróun og fræðsla

ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttaþátttöku. Efnið má nálgast á vefsíðunni og í útprentuðum bæklingum á skrifstofunni. Á vefsíðunni er einnig að finna efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt. ÍSÍ stóð fyrir fjölbreyttum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á árinu, meðal annars í ljósi #metoo byltingarinnar fræðslufundi um forvarnir gegn kynferðislegu áreiti. Einnig var ÍSÍ í samstarfi við aðra, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkurleikana (RIG) og HÍ og HR.

Sýnum karakter

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að verkefninu Sýnum karakter. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram líkamlega, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogahæfni og markmiðasetningu. Heimasíða verkefnisins er www.synumkarakter.is, einnig má finna upplýsingar um verkefnið á fésbókarsíðu þess undir Sýnum karakter.Þann 29. september var haldin ráðstefnan Sýnum karakter – allir með!, en hún var ætluð ungmennum á aldrinum 13-25 ára. Markmið ráðstefnunnar var að upplýsa ungmennin um að í íþróttahreyfingunni er rými fyrir alla og að störf dómara, þjálfara og stjórnarmanna geti verið spennandi og gefið einstaklingum mikið. Ráðstefnan byggðist upp af fyrirlestrum, vinnuhópum og pallborði, en þar gafst ungmennunum tækifæri til að spyrja ráðamenn innan íþróttahreyfingarinnar. Um 80 ungmenni sóttu ráðstefnuna alls staðar að af landinu.

Þjálfaramenntun

Þjálfaramenntun ÍSÍ fer fram í gegnum fjarnám. Fjarnám á 1. og 2. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. ÍSÍ sér um almenna hluta fræðslunnar, en sérhæfingin er í höndum sérsambandanna.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Fyrirmyndarfélög og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru í dag ríflega hundrað. Mörg félaganna eru stór deildaskipt félög og segja má að um þriðjungur íþróttaiðkenda iðki íþróttir innan fyrirmyndarfélaga ÍSÍ. Á Íþróttaþingi ÍSÍ árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSÍ fyrir fyrirmyndarstarf. Ungmennasamband Eyjafjarðar fékk í nóvember afhenta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ, fyrst allra íþróttahéraða. Til að hljóta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ þarf að uppfylla ákveðnar kröfur til nokkurra aðalþátta í starfsemi íþróttahéraðsins.

Ólympíudagurinn

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim þann 23. júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíunefndarinnar. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva. ÍSÍ hefur fengið sérsambönd í lið með sér sem hafa boðið börnum að prófa ýmsar greinar. Íþróttafélög með sumarnámskeið og frístundaheimili hafa tekið þátt á undanförnum árum. Þá hefur Samband Íslenskra Ólympíufara tekið þátt í golfmóti sem skipulagt hefur verið af GSÍ í tilefni dagsins.

Almenningsíþróttir

Lífshlaupið fór fram í níunda sinn 1.–21. febrúar 2017. Þátttakendur voru 16.000 að þessu sinni. Hjólað í vinnuna fór fram í fimmtánda sinn 3.–23. maí 2017. Þátttakendur voru 5.721. 428.926 kílómetrar voru skráðir, sem samsvarar rúmum 320 hringjum í kringum Ísland. Verkefnið hefur frá upphafi hjálpað til við að breyta lífsstíl fjölda fólks sem nú hjólar í vinnuna allt árið um kring. Kvennahlaupið fór fram 18. júní 2017. Um 10.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 80 stöðum hér á landi og erlendis. Göngum í skólann fór fram 6. september – 4. október 2017. 71 skólar tóku þátt að þessu sinni. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarþunginn við skóla. Hjólum í skólann fyrir framhaldsskólanemendur fór fram í september. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

Lyfjamál

Alls voru tekin 151 sýni á árinu 2017, þar af 80 sýni í keppni eða um 53%. Lyfjapróf voru tekin í 17 íþróttagreinum og reyndust þrjú sýni jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók lyfjaeftirlitið 18 sýni fyrir aðila utan vébanda ÍSÍ, þar með talið erlenda aðila. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, http://isi.is/lyfjaeftirlit/.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslu til ÍSÍ í gegnum Felix á hverju ári fyrir 15. apríl.

Íþróttakonur og íþróttamenn sérsambanda 2017

Þann 28. desember 2017 hélt ÍSÍ hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2017 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2017 lýst.

Líney Rut í stjórn EOC

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ var þann 24. nóvember kjörin í stjórn Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC), fyrst Íslendinga. Líney Rut var kjörin í stjórnina til næstu fjögurra ára. Ein önnur kona verður í stjórn EOC næstu fjögur árin, Daina Gudzineviciute, forseti Ólympíunefndar Litháen. Líney Rut er vel þekkt innan EOC en hún hefur starfað í ýmsum nefndum og ráðum innan EOC og m.a. stýrt eftirlitsnefnd á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar.

Það er stór sigur fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi að eiga nú fulltrúa í æðstu samtökum Ólympíuhreyfingarinnar í Evrópu.

Norræna skólahlaupið

Norræna skólahlaupið er árlegt verkefni sem grunnskólum á Norðurlöndunum býðst að taka þátt í. Hlaupið var fyrst haldið 1984. ÍSÍ sér um framkvæmd verkefnisins á Íslandi. Verkefnið nýtur stuðnings ÍSÍ, Mjólkursamsölunnar og Evrópuráðsins og er haldið í samvinnu við Íþrótta- og heilsufræðifélag Íslands. Formleg setning hlaupsins fór fram í Giljaskóla á Akureyri að þessu sinni. Þátttaka í hlaupinu var mjög góð en 73 skólar tóku þátt og hlupu 18.947 nemendur 63.988 kílómetra.

Íþróttavika Evrópu

Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport) var haldin víðsvegar um álfuna, vikuna 23. – 30. september 2017. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands heldur utan um verkefnið. Markmið íþróttavikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi í Evrópu og er hún ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarinnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu #BeActive með það að markmiði að fá sem flesta til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi. Þetta var í annað sinn sem íþróttavikan er haldin hér á landi en það var fyrst gert árið 2015.

Heilsuefling eldri aldurshópa

Eitt af áhersluatriðum Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ er íþróttastarf og hreyfing eldri borgara. Hjá ÍSÍ er að störfum Nefnd ÍSÍ um íþróttir 60+. Á vefsíðu ÍSÍ má finna yfirlit yfir hreyfitilboð til eldri borgara í öllum landshlutum ásamt ýmsum fróðleik um heilsu og hreyfingu eldri borgara.

Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar

I. Kafli: Um sambandið

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Borgarfjarðar, skammstafað UMSB. Starfssvæði þess er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Heimili sambandsins og varnarþing er í Borgarnesi.
2. grein

Merki sambandsins er blár skjöldur með hvítri umgjörð. Á skildi þessum er skammstöfun sambandsins, UMSB, ásamt fjaðurpenna og laxi.
3. grein

Tilgangur UMSB er að efla samhug og samvinnu íþrótta- og ungmennafélaganna á sambandssvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálastarfi þeirra í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ. Ennfremur að vera sameiginlegur málsvari félaganna út á við.
4. grein

Sambandið skal á hverjum tíma starfa eftir stefnu sem mörkuð skal af sambandsþingi.
5. grein

Rétt til aðildar að sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög UMSB, UMFÍ og ÍSÍ.
6. grein

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu sendar til stjórnar þess ásamt eintaki af lögum viðkomandi félags, upplýsingum um stjórn og félagaskrá. Félagið telst fullgildur aðili að sambandinu við samþykki stjórnar, þó með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings og ÍSÍ.

7. grein

Ósk um úrsögn úr sambandinu skal tilkynna skriflega til sambandsstjórnar enda hafi úrsögnin verið samþykkt á lögmætum aðalfundi félagsins. Úrsögnin tekur gildi þegar stjórn hefur samþykkt hana en þó skal staðfesta hana á næsta sambandsþingi.
Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags skal eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

II. Kafli: Um aðildarfélög

8. grein

Hafi félag ekki skilað starfsskýrslum í tvö ár samfellt má stjórn UMSB gera tillögu til sambandsþings um að færa félagið á lista yfir óvirk aðildarfélög. Sé félag á lista yfir óvirk félög missir það allan rétt til greiðslna frá sambandinu og skal ekki tekið með við útreikning á slíkum greiðslum.
Óvirku félagi ber ekki skylda til að greiða gjöld til sambandsins.

9. grein

Árlega skal hvert aðildarfélag standa UMSB skil á árgjaldi af hverjum gjaldskyldum félaga í samræmi við ákvörðun sambandsþings. Eindagi gjaldanna er 15. júlí. Eftir eindaga er heimilt að skuldajafna gjaldið við inneign viðkomandi félags hjá UMSB.

10. grein

Við hver áramót skulu stjórnir sambandsfélaganna semja skýrslu um hag sinn og starfsemi, samkvæmt fyrirmælum UMFÍ og ÍSÍ. Skýrslu þessari skal skila eigi síðar en 15. febrúar.

III. Kafli: Um sambandsþing

11. grein

Sambandsþing UMSB er æðsta vald í málefnum UMSB og skal haldið árlega, eigi síðar en 15. mars. Þó er stjórn heimilt, að fengnu samþykki formannafundar, að fresta þingi ef sérstakar ástæður liggja fyrir.
Sambandsstjórn ákveður þingstað og boðar til þings. Er það lögmætt sé það boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur um breytingar á lögum sambandsins skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 14 dögum fyrir þing.
Tillögur að lagabreytingum skulu sendar stjórn eigi síðar en þremur vikum fyrir þing.
Sambandsstjóri skal enn fremur boða til aukaþings telji hann þess þörf eða ef tveir þriðju sambandsaðila bera fram ósk um slíkt.

12. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.
Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.

13. grein

Dagskrá sambandsþings:

Setning
Kosning þingforseta og ritara
Kosning kjörbréfanefndar
Skýrsla stjórnar og reikningar
Álit kjörbréfanefndar
Kosning starfsnefnda þingsins
Inntaka nýrra aðildafélaga
Umræður um skýrslu stjórnar
Ávörp gesta
Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga
Þinghlé – nefndir starfa
Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu
Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu
Kosning stjórnar
Kosning á íþróttaþing ÍSÍ
Önnur mál
Þinggerð - þingslit

IV. Kafli: Um stjórn

14. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn en kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár. Þannig skulu annað árið kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra.
Gefi stjórnarmaður, sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum, kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Ennfremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. Reikningsár skal vera almanaksárið.

15. grein

Sambandsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarfélaga sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana sem lög og þingsamþykktir setja. Hún veitir mótttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

16. grein

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarfélaga og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.
Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar félaga en nefndarmenn aðeins ef um sérmálefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

17**.** grein

Rísi ágreiningur um lög eða reglur sambandsins úrskurðar stjórnin um það en þeirri niðurstöðu má skjóta til næsta sambandsþings.

V. Kafli: Önnur ákvæði

18**.** grein

Til breytingar á lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mættra fulltrúa á lögmætu sambandsþingi.

19. grein

Ef sambandið leysist upp eða hættir störfum skulu allar eignir þess renna í sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í fjámálastofnun. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa má 2/3 ársávöxtunar til íþrótta- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði UMSB. Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og UMSB á sambandssvæðinu skulu eignir UMSB renna til þess.

20**.** grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin öll eldri lög sambandsins.

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Ársreikningur 2017

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2017	2016
REKSTRARTEKJUR			
Félagaskattur	1	1.333.800	1.369.800
Framlög og styrkir	2	18.798.996	18.775.347
Lottó	3	8.167.943	7.437.625
Tekjur v/íþrótta og móta	4	0	1.260.072
Húsa- og vallarleigutekjur	6	29.094.000	28.642.008
Aðrar tekjur	7	0	47.000
Rekstrartekjur alls		57.394.739	57.531.852
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	8	16.356.071	15.617.249
Styrkir til aðildarfélaga	9	8.929.726	8.141.327
Áhöld og tæki	11	92.599	71.562
Þátttaka í mótum	12	68.450	407.500
Kostnaður v/mótahalds	13	131.856	246.043
Rekstur mannvirkja	14	28.937.254	28.575.812
Rekstur skrifstofu	15	1.452.841	1.333.600
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	16	889.975	522.788
Önnur gjöld	18	11.541	16.557
Rekstrargjöld alls		56.870.313	54.932.438
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		524.426	2.599.414
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		72.794	81.191
Vaxtagjöld - dráttarvextir		(67.047)	(28.890)
		5.747	52.301
Hagnaður (tap) tímabilsins		530.173	2.651.715

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2017	2016
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	21	7.975.561	7.975.561
Fastafjármunir alls		7.975.561	7.975.561
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	24	706.941	854.805
Handbært fé	25	9.188.457	8.456.509
Veltufjármunir alls		9.895.398	9.311.314
Eignir samtals		17.870.959	17.286.875
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		6.274.842	3.623.127
Endurmatsreikningur		4.773.027	4.773.027
Tekjuafgangur ársins		530.173	2.651.715
Eigið fé alls		11.578.042	11.047.869
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
Ógr. laun og launatengd gjöld	26	530.822	1.276.527
Viðskiptaskuldir		2.380.093	2.013.325
Afreksmannasjóður	28	3.382.002	2.949.154
Skammtímaskuldir alls		6.292.917	6.239.006
Skuldir og eigið fé samtals		17.870.959	17.286.875

Sundurliðanir

	2017	2016
1. Félagaskattur		
Félagaskattur	1.333.800	1.369.800
Félagaskattur alls	1.333.800	1.369.800
2. Framlög og styrkir		
Styrkir ÍSÍ og UMFÍ		
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	504.841	456.258
Styrkir, ÍSÍ og UMFÍ alls	504.841	456.258
Styrkir, bæjarfélag		
Styrkir frá sveitarfélögum	18.197.581	17.722.362
Styrkir, bæjarfélag alls	18.197.581	17.722.362
Aðrir styrktaraðilar		
Aðrar tekjur	96.574	396.461
Bókhaldsstyrkir KPMG	0	200.266
Aðrir styrktaraðilar alls	96.574	596.727
Framlög og styrkir alls	18.798.996	18.775.347
3. Lottó		
Lottó ÍSÍ	3.151.143	2.863.934
Lottó UMFÍ	5.016.800	4.573.691
Lottó alls	8.167.943	7.437.625
4. Tekjur v/íþrótta og móta		
Tekjur v. móta - skráningargj	0	181.382
Unglingalandsmót	0	1.078.690
Tekjur v/íþrótta og móta alls	0	1.260.072
6. Húsa- og vallarleigutekjur		
Húsaleiga	660.000	780.000
Styrkur Borgarbyggð v. mannvirkja	6.000.000	6.000.000
Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	22.434.000	21.862.008
Húsa- og vallarleigutekjur alls	29.094.000	28.642.008
7. Aðrar tekjur		
Vörusala		
Seldur íþróttafatnaður	0	47.000
Vörusala alls	0	47.000
Aðrar tekjur alls	0	47.000
8. Laun og verktakagreiðslur		
Laun		
Laun skrifstofu	11.627.376	11.254.932
Tryggingagjald	968.402	965.867
Lífeyrissjóður	1.309.911	1.153.893
Orlofs- og sjúkrasjóður	191.860	185.705
Slysatryggingar	17.142	16.852
Laun alls	14.114.691	13.577.249
Bifreiða- og aðrir styrkir		
Bifreiðakostnaður	1.200.000	1.200.000
Dagpeningar	960.000	840.000
Aðrir styrkir	41.380	0
Bifreiða- og aðrir styrkir alls	2.201.380	2.040.000

Sundurliðanir

	2017	2016
Verktakagreiðslur og annar kostnaður		
Verktakagreiðslur þjálfara	40.000	0
Verktakagreiðslur og annar kostnaður alls	40.000	0
Laun og verktakagreiðslur alls	16.356.071	15.617.249
9. Styrkir til aðildarfélaga		
Aðildarfélög v. lottó	3.971.924	3.547.484
Afreksmannasjóður v. lottó	590.913	378.881
Starfsstyrkir til aðildarfélaga	4.079.814	4.134.962
Sérverkefni	287.075	80.000
Styrkir til aðildarfélaga alls	8.929.726	8.141.327
11. Áhöld og tæki		
Búningar	15.600	68.031
Önnur áhöld	76.999	3.531
Áhöld og tæki alls	92.599	71.562
12. Þátttaka í mótum		
Skráningargjöld	68.450	47.500
Skráningargjöld ULM	0	360.000
Þátttaka í mótum alls	68.450	407.500
13. Kostnaður v/mótahalds		
Verðlaunapeningar	118.510	90.600
Íþróttaskóli	0	121.750
Landsmót	13.346	33.693
Kostnaður v/mótahalds alls	131.856	246.043
14. Rekstur mannvirkja		
Húsaleiga (sbr. 11700)	0	25.000
Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	22.434.000	21.862.008
Umhirða íþróttavalla	6.000.000	6.000.000
Rekstur Borgarbraut 61		
Tryggingar	27.228	25.236
Rafmagn	33.220	44.688
Hiti	34.321	65.573
Viðhald	61.679	141.433
Fasteignagjöld	13.600	92.634
Vatns og fráveitugjöld	45.346	50.013
Annar kostnaður	72.526	71.658
Sameiginlegur kostnaður	215.334	197.569
Rekstur Borgarbrautar 61 alls	503.254	688.804
Rekstur mannvirkja alls	28.937.254	28.575.812
15. Rekstur skrifstofu		
Sími	419.785	442.018
Ritföng	31.059	163.258
Kostnaður v. funda	133.899	102.568
Kaffikostnaður	4.177	19.626
Tölvukostnaður	334.203	45.849
Bókhaldskostnaður	344.252	277.158
Kostnaður v. ársskýrslu	83.531	78.668
Innheimtukerfi	53.325	159.955
Annar skrifstofukostnaður	48.610	44.500
Rekstur skrifstofu alls	1.452.841	1.333.600

Sundurliðanir

	2017	2016
16. Kynning, fræðsla og útbreiðsla		
Ferðakostnaður v/námskeiða	210.000	0
Styrkir	3.500	3.000
Fréttabréf / auglýsingar	287.566	266.804
Heimasíða	79.790	91.484
Þing og samráðsfundir	309.119	5.500
Námskeið	0	156.000
Kynnig, fræðsla og útbreiðsla alls	889.975	522.788
18. Önnur gjöld		
Þjónustugjöld VISA/EURO	980	5.134
Þjónustugjöld banka	5.481	5.353
Annar kostnaður	5.080	6.070
Önnur gjöld alls	11.541	16.557
21. Varanlegir rekstrarfjármunir		
Borgarbraut 61	6.874.928	6.874.928
Hluti í Þinghamri	4.001	4.001
Safnahús	3.000	3.000
Íþróttavöllur Varmalandi	7.043	7.043
Tölva og fylgihlutir	55.269	55.269
Húsgögn	38.414	38.414
Tjald	42.126	42.126
Íþróttaáhöld	950.780	950.780
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	7.975.561	7.975.561
24. Skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur	706.941	854.805
Skammtímakröfur alls	706.941	854.805
25. Handbært fé		
Reikn nr. 59	5.851.521	5.917.494
Peningamarkaðsreikn 552045	3.336.936	2.539.015
Handbært fé alls	9.188.457	8.456.509
26. Ógr.laun og launatengd gjöld		
ógreidd laun	0	805.805
ógr. lífeyrissjóður	193.091	169.569
ógr. félagsgjöld	22.870	1.484
ógr. staðgreiðsla	220.662	212.304
ógr. tryggingagjald	80.551	76.433
ógr. skattar utan staðgreiðslu	13.648	10.932
Ógr. laun og launatengd gjöld alls	530.822	1.276.527
28. Afreksmannasjóður		
Staða í upphafi árs	2.949.154	2.663.727
Framlög v/Lottó	590.913	378.881
Framlag Borgarbyggð	327.164	307.850
Framlag Skorradalshreppur	54.527	50.946
Styrkir	(600.000)	(510.000)
Vextir	60.244	57.750
Afreksmannasjóður í lok árs	3.382.002	2.949.154

Áritanir á ársreikning UMSB 2017

Ársreikningur Ungmennasambands Borgarfjarðar fyrir árið 2017 hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir. Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður ársins 530 þús.kr. og eigið fé í árslok er 11.5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnar sambandsins og samþykkir stjórn og framkvæmdastjóri ársreikninginn fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 12/3 2018.

Stjórn:

Sólrún Halla Bjarnadóttir

Anna Dís Þórarinsdóttir

Sigríður Guðbj. Bjarnadóttir

Framkvæmdastjóri:

Sigurður Guðmundsson

Við höfum aðstoðað stjórnendur Ungmennasambands Borgarfjarðar við gerð ársreiknings sambandsins fyrir árið 2017. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins sem fært er af okkur. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun.

Borgarnesi, 9/3 2018.

KPMG ehf.

Konráð Ólafsson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Ungmennasambands Borgarfjarðar höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2017. Teljum við hann sýna rétta mynd af rekstri sambandsins á árinu 2017 og efnahag þess í árslok 2017. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Borgarnesi, 9/3 2018.

Guðbrandur Brynjúlfsson

Einar Ole Pedersen

Samfélag
nýjan bú
ÓLSTEINAR

Landslið
Orkumót
2016
ORKAN

Íslensk Getspá

ÍSLENSK GETSPÁ Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands,
Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.